

Vatnsrannsóknir í nágrenni iðnaðarsvæðisins á Grundartanga
og í Kjós

Lokaskýrsla 15 júlí 1999

Sigurður Reynir Gíslason, Eydís Salome Eiríksdóttir,
Matthildur Bára Stefánsdóttir og Andri Stefánsson

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
1.1 Markmið verkefnisins	5
1.2. Helstu niðurstöður	5
1.3. Meistaraprófsverkefni Andra Stefánssonar við Háskóla Íslands	8
1.4. Fyrri efnarannsóknir á Suður- og Vesturlandi	8
2. LÝSING VERKÞÁTTA	9
2.1 Straumvatnssýni	9
2.1.1. Aðferðir við töku straumvatnssýna	10
2.2. Sigvatn	11
2.2.1. Aðferðir við söfnun sigvatns úr jarðvegi	12
2.3. Efnagreiningar á rannsóknarstofu	13
2.3.1 Vöktunarsýni	13
2.3.2. Meðhöndlun sigvatnssýna og efnagreiningar á rannsóknarstofu að lokinni söfnun sumarið 1999	13
2.3.3 Sýni til heildarefnagreininga	14
3. SKÝRSLUR	16
4. STARFSMENN OG GÆÐAEFTIRLIT	17
5. NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU OG EFNARANNSÓKNA	18
6. TÚLKUN NIÐURSTAÐNA	21
6.1. Mettunarástand vatnsins miðað við frumsteintegundir í bergi	21
6.2 Flúor áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga	23
6.3. Brennisteinn og klór áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga	24
6.4 Þungmálmar og önnur snefilefni	27
6.5 Árstíðarbundnar breytingar í hitastigi, rennsli, leiðni og efnasamsetningu straumvatns og sigvatns í nágrenni Grundartanga	31
6.6. Áhrif aukinnar iðnaðarframleiðslu á Grundartanga á efnasamsetningu straumvatns og	

sigvatns í nágrenni Grundartanga.	34
6.6.1. Flúoráhrif	35
6.6.2. Brennisteinsáhrif	35
6.6.3. Sýring vatns, hættumat og óbein áhrif sýringar	36
7. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	37
8. HEIMILDIR	40
Töflur 1	48
Tafla 1	48
Tafla 2	49
Tafla 3	55
Tafla 4	58
Tafla 5	61
Tafla 6	65
Tafla 7	68
Tafla 8	82
Tafla 9	83
Tafla 10	84
Tafla 11	85
Myndir	86
1. mynd	86
2. mynd	87
3. mynd	88
4. mynd	89
5. mynd	90
6. mynd	91
7. mynd	92
8. mynd	93
9. mynd	94
10. mynd	95

Vatnsrannsóknir í nágrenni iðnaðarsvæðisins á Grundartanga og í Kjós. Lokaskýrsla 15. júlí 1999

11. mynd	96
12. mynd	97
13. mynd	98
14. mynd	99
15. mynd	100
16. mynd	101
17. mynd	102
18. mynd	103
19. mynd	104
20. mynd	105
21. mynd	106
22. mynd	107
23. mynd	108
24. mynd	109
25. mynd	110
26. mynd	111
27. mynd	112
28. mynd	116
29. mynd	120
30. mynd	124
31. mynd	128
32. mynd	132
33. mynd	136
34. mynd	140
35. mynd	141
36. mynd	142
37. mynd	143

1. INNGANGUR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1.1 Markmið verkefnisins

Tilgangur rannsóknarinnar er margþættur:

- Fylgjast með efnasamsetningu ferskvatns og jarðvegsvatns, hér eftir kallað straumvatn og sigvatn, í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga fyrsta árið eftir að álframleiðsla hófst á svæðinu. Álframleiðsla Norðuráls hf hófst í júní 1998.
- Skilgreina styrk (mg/l) mengandi efna; brennisteins, flúors, og síru (pH) í straumvatni og sigvatni fyrsta árið eftir að álframleiðsla hófst á svæðinu.
- Bera saman styrk mengandi efna fyrir og eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga.
- Skilgreina óbein áhrif mengandi efna á önnur skaðleg efni, t.d., áls og ýmsa þungmálma, sem geta losnað úr bergi í snertingu við súrt og flúorríkt vatn.
- Skilgreina vensl pH, styrk lífræns kolefnis í upplausn og styrk málma í sigvatni.
- Afla gagna þannig að hægt sé að leggja mat á afrennsli mengandi efna á flatarmálseiningu á vatnasviðum í nágrenni iðjuveranna. Með samanburði við úrkomu-, jarðvegs-, og sigvatnsrannsóknir verður hægt að leggja mat á uppsöfnun mengandi efna í jarðvegi.
- Kanna hvort marktæk breyting hafi orðið á efnasamsetningu Laxár við Vogatungu og Þverár við Geitaberg frá árunum 1973-1974, 1997-1998 og 1998-1999.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir þeim rannsóknum, sem fram fóru á tímabilinu júní 1998 til júní 1999 á vegum Raunvísindastofnunar Háskólans í nágrenni Grundartanga. Enn fremur verða niðurstöðurnar tengdar fyrri rannsókn Raunvísindastofnunar frá júní 1997 til júní 1998 og rannsóknum Andra Stefánssonar í Kjósinni 1996 og 1997 og í nágrenni Grundartanga í júní 1997 (Sigurður Reynir Gíslason ofl. 1998; Andri Stefánsson 1998). Gerð verður grein fyrir aðferðum, niðurstöðum mælinga og þær túlkaðar.

1.2. Helstu niðurstöður

- Búið er að skilgreina efnasamsetningu straumvatns og sigvatns hvað varðar aðalefni og snefilefni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga og í Kjós áður en iðnaðarframleiðsla vex á svæðinu.
- Búið er að skilgreina styrk hugsanlegra mengandi efna þ.e. brennisteins, flúors og síru í straumvatni og sigvatni 1997-1998 áður en iðnaður óx á svæðinu í júní 1998 og í eitt ár eftir að álframleiðsla hófst.
- Lokið var við rannsókn á árstíðarbundnum breytingum á efnasamsetningu straum- og sigvatns

í nágrenni Grundartanga frá júní 1997 til júní 1998.

- Rannsóknir á styrk aðalefna, snefilefna, reikulla gastegunda og styrk lífræns kolefni í upplausn í sigvatni frá júní 1998 til júní 1999 er enn í gangi. Og er hluti þeirrar rannsóknar birtur í þessari skýrslu.
- Styrkur flúors í straumvatni á svæðinu er lítill, hann er eins og hann er lægstur á Íslandi utan eldvirku beltanna. Styrkur flúors í Laxá við Vogatungu og Þverá við Geitaberg er nánast hinn sami og á árunum 1973 og 1974 áður en iðnaðarframleiðsla hófst á svæðinu.
- Styrkur brennisteins í Laxá við Vogatungu og Þverá við Geitaberg var minni árið 1997 en á árunum 1973 og 1974 áður en iðnaðarframleiðsla hófst á svæðinu. Þetta er svipuð minnkun í brennisteini og mæld hefur verið í helstu ám á Suðurlandi og er þetta rakið til minni mengunar brennisteins yfir Norðuratlantshafi vegna minni losunar SO_2 frá iðnaði í N-Ameríku og Evrópu nú en árin 1972 til 1974.
- Mikill breytileiki er í styrk brennisteins í straum- og sigvatni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga. Hann stafar að hluta af miklum breytileika í seltu úrkomu á svæðinu.
- Brennisteinsauki í úrkomu er styrkur brennisteins í úrkomunni sem ekki rekur uppruna sinn beint til sjávar og stafar af hnattrænni mengun. Í úrkomu á Suðvesturlandi er hann um 20-40% af heildarstyrk brennisteins. Ef undan er skilin Kalmansá má skýra brennisteinsaukninguna í straumvötnum í nágrenni Grundartanga fyrir álframleiðslu, þ.e. styrk brennisteins umfram sjávarseltu, með hnattrænni mengun og efnaskiptum vatns og bergs. Þetta á einnig við um lækinn við Fellsenda en lækurinn dregur vatn úr útblástursstróki Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt reikningum um dreifingu mengunar frá verksmiðjunni. Brennisteinstvíoxíðið (SO_2) virðist ekki ná að oxast í brennisteinssýru (H_2SO_4) og falla til jarðar heldur berst það á haf út. Brennisteinsaukningin í Kalmansá er minni en brennisteinsaukningin í Þjórsá við Urriðafoss, en hún stafar af jarðhitavatni sem rennur í ána.
- Styrkur þungmálma og snefilefna er lítill í straumvatni á svæðinu. Það sama á við um aðalefni og snefilefni, styrkur þeirra er meiri í sigvatni en straumvatni og hann er mestur í vatninu sem hefur lægst pH-gildi.
- Árstíðarbundnar breytingar á pH og brennisteini fylgjast ekki að í straumvatni í nágrenni Grundartanga, þ. e. sýnin með lægstu pH gildin hafa ekki mestan brennisteinsstyrk. Sýringin af völdum brennisteinssýru stjórnar ekki lægstu pH gildunum. Lægstu pH gildin stafa frekar af þynningu árvatns með ósýrðri úrkomu sem hefur pH gildið 5,6.
- Miðað við straumvötnin er pH gildi sigvatnsins sem vaktað er í nágrenni Grundartanga nokkuð

stöðugt og það er lægra en pH gildi straumvatnanna. Gildi sigvatnsins er lægst í ræktaða túninu við Katanes um 4,6 en hæst í melnum í Mörkinni, við Galtarholt og Hvammsenda (pH 6,0-7,5).

- Eingin glögg aukning í styrk brennisteins varð vart í straumvötnum í nágrenni Grundartanga eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga í júní 1998, hvorki í einstökum mælingum né 12 mánaða meðaltölum fyrir og eftir álver. Hins vegar má greina aukningu í styrk brennisteins í sigvatni í landi Klafastaða rétt suðvestan við iðnaðarsvæðið á Grundartanga.
- Styrkur flúors er nokkuð stöðugur í straumvatni í nágrenni Grundartanga, en er oftast lægstur snemma vors, þá líklega vegna þynningar snjóbræðsluvatns því fyrir tilkomu álversins var flúor í vatni nær eingöngu tilkomið vegna efnaskipta vatns og bergs. Fyrst eftir að álvinnsla hófst á Grundartanga óx styrkur flúors í Urriðaa og Kalmansá. Strax í lok júní í Urriðaa en ekki fyrr en í byrjun ágúst í Kalmansá. Styrkur flúors í þessum straumvötnum lækkað síðar í svipað horf og fyrir álframleiðslu þegar leið á haustið. Ekki er hægt að merkja glögga aukningu í flúor í öðrum straumvötnum í nágrenni við Grundartanga, hvorki í einstökum mælingum fyrst eftir að vinnsla hófst eða í 12 mánaða meðaltölum. Í sigvatni var styrkur flúors mestur við Katanes en minnstur í melnum í Mörkinni. Í sigvatni varð eingin aukning í styrk flúors eftir að starfsemi álversins fór í gang.
- Basavirkni eða “alkalinity” er minnst snemma vors í straumvatni í nágrenni Grundartanga, en alkalinity segir til um efnaskipti vatns og bergs. Vorvatnið hefur því haft minnst efnaskipti við bergið og er því hættast við sýringu sem stafar af mengun. Einstökum straumvötnum á Grundartanga má raða miðað við hættu af utanaðkomandi sýringu. Læknum við Fellsenda er hættast við sýringu, þá Berjadalsá og Kúludalsá, og síðan koll af kolli, Þverá við Geitaberg, Laxá í Leirársveit, Kalmansá og Urriðaaín getur tekið við mestri utanaðkomandi sýringu áður en pH gildi vatnsins breytist að marki. Basavirkni (alkalinity) sigvatnsins er minnst í melnum í Mörkinni og undir ræktaða túninu í Katanesi. Sigvatnið á þessum stöðum er því viðkvæmast fyrir sýringu af þeim stöðum sem rannsakaðir hafa verið.
- Gildi pH í Kalmansá og Urriðaa er hátt þegar styrkur flúors fer hæst í þessum straumvötnum fyrst eftir að álframleiðsla hófst. Þar sem flúor er mikið til tilkomið úr súru gastegundinni $\text{HF}_{(2)}$ þá er þetta þveröfugt við það sem búast mætti við, pH ætti að fara niður vegna sýringar. Á þessum tíma er tillífun í hámarki í Eiðsvatni og Hólmavatni, en tillífunin tekur upp H^+ og þvingar því pH gildið upp.
- Gildi pH í straumvati í nágrenni Grundartanga fer ekki niður fyrir 5,70 og styrkur Al í

straumvatni fer hæst í Kalmansánni í 73 µg/l sem er langt undir hættumörkum fyrir ferskvatnsfiska. Styrkur Al í sigvatni for hins vegar langt upp fyrir hættumörk fyrir ferskvatnsfisk (300 µg/l Al) þegar pH sigvatnsins var lægra en 5,5. Af þessu má draga þá ályktun að full ástæða sé til að kanna styrk áls í straumvötum fari pH gildi þeirra niður fyrir 5,50.

1.3. Meistaraprófsverkefni Andra Stefánssonar við Háskóla Íslands

Hinn 16. desember 1996 gerðu Íslenska járnblendifélagið hf og Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands með sér samkomulag um stuðning við MS-nám Andra Stefánssonar í jarðefnafræði. Rannsóknarverkefnið beindist að jarðefnafræði vatns á vatnasviði Laxár í Kjós. Var lögð áhersla á að kanna þau ferli sem stjórna innihaldi aðalefna, næringarsalta og þungmálma í vatninu. Auk þess safnaði Andri vatnssýnum í nágrenni verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins. Í þeim sýnum var styrkur aðalefna, næringarsalta og þungmálma mældur. Andri lauk námi í maí 1998.

1.4. Fyrri efnarannsóknir á Suður- og Vesturlandi

Viðamikil rannsókn var gerð á straumvötum á Suður- og Vesturlandi á árunum 1970 til 1974 og 1997 (Halldór Ármannsson 1970, 1971; Halldór Ármannsson o.fl. 1973; Sigurjón Rist 1974, 1986; Sigurður R. Gíslason o. fl. 1997). Í rannsókninni, sem fór fram á Vesturlandi 1973 og 1974 (Sigurjón Rist 1986), voru sýni til efnarannsókna tekin mánaðarlega og rennsli og aurburður mældur samtímis sýnatöku. Uppleyst aðalefni, pH, leiðni, næringarsölt og gerlar voru mæld í öllum sýnunum. Þessi gagnagrunnur ásamt fjölda annarra gagna m.a. um efnasamsetningu úrkomu og berggrunns var túlkaður af Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1996). Nokkur gögn eru til um snefilefni í vötum á Suður- og Vesturlandi frá árunum 1992 til 1997 (Jón Ólafsson 1992, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1992, Stefán Arnórsson og Auður Andrésdóttir 1995, Ingibjörg E. Björnsdóttir 1996, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1996, Louvat 1997). Verulega bættist við af gögnum um efnasamsetningu snefilefna í sigvatni og straumvatni á árunum 1997 og 1998 (Sigurður R. Gíslason ofl. 1997a, 1998a, c, e, f og g; Davíð Egilsson ofl. 1999). Samsætur ýmissa efna í straumvatni á Suður- og Vesturlandi hafa verið mældar af Braga Árnasyni (1976), Torssander (1986), Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992), og Stefáni Arnórssyni o.fl. (1993). Áhrifum Heklugosa á efnasamsetningu úrkomu, árvatns og grunnvatns hefur verið lýst af Guðmundi Kjartanssyni (1957), Níelsi Óskarssyni (1980), og Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992). Efnasamsetningu úrkomu, straumvatns og grunnvatns á vatnasviði ána á Suður- og Vesturlandi hefur verið lýst, túlkuð og borin saman við meðalefnasamsetningu ómengaðra straumvatna á

meginlöndunum í fjölda rannsókna (Ario 1985, Sigurður R. Gíslason 1989, 1990, 1993; Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson 1988, 1990, 1993, Meybeck 1979, 1982, Martin og Meybeck 1979, Martin og Withfield 1983). Geysi viðamikil gögn eru til um rennsli, aurburð, og heildarmagn uppleystra efna í íslenskum straumvötum (Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 1996).

Töluverðu hefur verið safnað af gögnum um efnasamsetningu úrkomu og afrennslisvatns vegna alþjóðlegs umhverfisverkefnis að Litla Skarði í Borgarfirði (Sigurður H. Magnússon og Ólafur Arnalds 1997) og á Hvanneyri. Viðamikil gögn eru til um efnasamsetningu straumvatna á vatnasviði Norðurár í Borgarfirði (Sigurður R. Gíslason, óbirt gögn), enn fremur var gerð rannsókn á vatni sem Vatnsveita Borgarness (Sigurður R. Gíslason 1995) og Vatnsveita Akraness nýtir (Vatnsveita Akraness 1997). Efnasamsetning og rennsli lækja í skógræktinni í Skorradal í Borgarfirði var kannað mánaðarlega frá því í janúar 1997 til janúar 1998 (Yale Háskólinn í Bandaríkjunum, óbirt gögn). Efnasamsetning úrkomu, jarðvegs og mosa í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga var könnuð árið 1979 (Jón Eldon 1979). Enn fremur hefur styrkur þungmálma í mosa í nágrenni Grundartanga og reyndar um allt Ísland og Skandinavíu verið kannaður á árunum 1998, 1990 og 1995 (Rühling o.fl. 1987, 1992 og 1996; Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon 1993). Styrkur ýmissa efna í íslenskri úrkomu hefur verið kannaður allt frá árinu 1958 á Rjúpnahæð við Reykjavík, Vegatungu á Suðurlandi, við Írafoss í Sogi, í Reykjavík, og á Stórhöfða í Vestmannaeyjum (Veðráttan, 1958 til 1980; Jóhanna M. Thorlacius 1997; Davíð Egilsson ofl. 1999). Enn fremur eru til upplýsingar um efni í úrkomu á hálendi Íslands og jöklum (Sigurður Reynir Gíslason 1990, Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 1996, Sigurður Reynir Gíslason, 1997). Efnasamsetning úrkomu við Norður -Atlantshafið er skilgreind í nýútkominni skýrslu um stöðu umhverfismála á norðurslóð (AMAP 1997). Viðamikil greining á umhverfisáhrifum áls í vatni hefur verið gerð af Steinegger, Rickenbacher og Schlatter (1992).

2. LÝSING VERKÞÁTTA

2.1 Straumvatnssýni

Sjö straumvatnssýnum var safnað á eftirtöldum stöðum, tólf sinnum á tímabilinu 30. júní 1998 til 15. júní 1999 (1. og 2. mynd):

- 1. Urriðaa sem er útfall úr Eiðisvatni.
- 2. Kalmansá sem er útfall úr Hólmavatni.

- 3. Berjadalsá.
- 4. Laxá í Leirársveit við Vogatungu.
- 5. Þverá við Geitaberg.
- 6. Kúludalsá.
- 7. Læk sem rennur af Akrafjalli við Fellsenda.

Lækurinn við Fellsenda, hér eftir kallaður Fellsendalækurinn, Urriðaá og Kalmansá draga vatn í nágrenni iðjuveranna og ættu að sýna hámark mengunar ef einhver er. Kúludalsá og Fellsendalækurinn veita upplýsingar um hversu langt mengun nær upp í Akrafjall, ef hún er einhver, og hvernig hún breytist með tíma. Sýni eru tekin úr Berjadalsá vegna hagsmuna Vatnsveitu Akraness. Laxá í Leirársveit við Vogatungu og Þverá við Geitaberg veita upplýsingar um vatnasvið töluvert frá verksmiðjunni. Þar eru nokkrir hagsmunir í húfi vegna veiði og gögn úr þessum straumvötnum eru mikilvæg til þess að meta hvort breytingar hafi orðið t.d. í styrk SO_4 á tímabilinu 1973-1974 til 1997-1998.

Sýnataka miðast við að hægt sé að gera heildarefnagreiningu á sýnum ef frávik mælist í pH, basavirkni, SO_4 , Cl, og F. Rennsli og hitastig straumvatna er mælt samtímis sýnatöku.

Safnað var 12 sinnum á rannsóknartímabilinu. Sýni voru tekin mánaðarleg frá og með 30. júní til og með 9. október 1998 (fjórum sinnum á hverjum stað). Þrjú vetrarsýni voru tekin frá og með 25. nóvember 1998 til og með 25. febrúar 1999 og þrjú sýni voru tekin með stuttu millibili í upphafi snjóbráðnunar í mars og apríl 1999. Loks voru sumarsýni tekin 19.-25. maí og 14.-15. júní 1999.

Auk fyrrgreindra sýnatökustaða var í fyrri rannsóknum (Andri Stefánsson 1998; Sigurður Reynir Gíslason ofl. 1998c) safnað sýnum af straumvatni og lindarvatni einu sinni á fjölda staða í nágrenni Grundartanga og í Kjósinni til þess að afla upplýsinga um landfræðilegan breytileika í efnasamsetningu straumvatna. Þessir sýnatökustaðir eru sýndir á 1. og 3. mynd og gerð er nánari grein fyrir staðsetningu þeirra í töflu 2 og 8. Í þessum sýnum voru aðalefni og nokkur snefilefni greind og í völdum sýnum fjöldi snefilefna. Þessi sýnataka var hluti af meistaraþrófsverkefni Andra Stefánssonar eins og greint var frá í kafla 1.3.

2.1.1. Aðferðir við töku straumvatnssýna

Sýnin voru síuð við söfnun og bætiefnum bætt út í til þess að koma í veg fyrir útfellingar aðalefna og ásog snefilefna á vegg flaskna. Sýni fyrir næringarsölt voru síuð og fryst til þess að koma í veg fyrir rotnun og eða tillífun lífræns efnis í sýnunum. Sýni ætluð til pH- og basavirknimælinga

voru tekin á litaðar glerflöskur og hafðar í kæli fram að mælingu til þess að koma í veg fyrir að reikul efni slyppu úr þeim. Basavirkni og pH var mælt við stofuhita á rannsóknarstofu daginn eftir söfnun. Sýni til efnagreininga á snefilefnum og næringarsöltum eru varðveitt í geymslum Raunvísindastofnunar og sum þeirra hafa verið send til þungmálma- og snefilefnagreininga til „Svensk Grundämnesanalys AB” í Luleå í Svíþjóð.

Sýnin, sem tekin hafa verið, voru meðhöndluð strax á sýnatökustað. Þau voru síuð í gegnum sellulósa-asetatsíu með 0,2 μm porustærð. Þvermál síu var 142 mm, síuhaldarinn var úr stáli og tefloni og sýninu var þrýst í gegnum síuna með peristaltikdælu. Sá hluti síuhaldarans sem kom í snertingu við vatn var úr tefloni. Slöngur voru úr sílikoni. Síur, síuhaldari og slöngur voru þvegin með því að dæla að minnsta kosti einum lítra af sýni í gegnum síubúnaðinn og lofti var hleypt af síuhaldara með þar til gerðum loftventli. Þá var vatn, sem ætlað er til mælinga á reikulum efnum, síað í tvær 275 ml og tvær 60 ml dökkar glerflöskur. Flöskurnar voru þvegnar vel með síuðu straumvatni eða sigvatni, stútfylltar og þeim lokað. Þær voru geymdar í kæli þar til pH, leiðni og basavirkni var mæld í þeim við stofuhita. Þá var vatn síað í sýruþvegna 100 ml pólýethelýnflösku til snefilefnamælinga en í hana var bætt einum ml af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru. Síðan var vatn síað í tvær 190 ml pólýethelýnflöskur. Sú fyrri var ætluð til mælinga á styrk anjóna, en seinni flaskan til aðalefna- og snefilefnagreininga. Í seinni flöskuna var bætt einum ml af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru. Og að lokum var vatn síað í fjórar 20 ml pólýethelýnflöskur, þær voru geymdar í kæli söfnunardaginn og loks frystar þar til næringarsölt voru greind í þeim. Allar flöskurnar voru vandlega skolaðar með síuðu straumvatni áður en þær voru fylltar og bætiefni sett út í flöskur eftir að búið var að síá sýnið.

Rennslis- og hitastigsmælingar fóru fram samtímis straumvatnssýnatöku. Þversnið var mælt af farvegum stærri straumvatna og rennslishraði vatnsins mældur á hverjum stað, ýmist með rennslishraðamæli rétt fyrir ofan miðju, sem svarar til um 60% dýpisins, þ.e. 40% var fyrir ofan rennslismæli, eða með mældum rennslishraða plastflösku með um 200 ml af vatni, margfölduðum með stuðlinum 0,8. Rennsli lítilla lækja var ákvarðað með því að mæla tímann sem tók að fylla fötu af ákveðnu rúmmáli.

2.2. Sigvatn

Safnað var úr sogstautum á sex stöðum samtímis straumvatnssýnatöku 1998, í lok júní, ágúst, september og október 1998 og í maí og júní 1999 (1. og 2. mynd). Ein söfnunarstöð, sem sýnd er á 1 og 2. mynd, og var í ógrónum mel í Mörkinni (2. mynd) eyðilagðist. Sogstautarnir í melnum í Mörkinni hafa líklega aftengst í fróstonum veturinn 1997-1998. Í maí 1998 sogaðist

gruggugt vatn upp úr melnum en í júní kom einungis loft úr slöngunum. Þá var safnað eftir langvarandi þurrka og slönguendarnir líklegast komnir upp úr sigvatninu. Á tímabilinu júní 1998 til júní 1999 var því safnað var á eftirfarandi stöðvum, að stöð 1 undanskilinni.:

- 1. Ógrónum mel fyrir ofan Mörk um 200 m suðvestan við loftgæðaeftirlitsstöð Hollustuverndar.
- 2. Mosagrónum mel á sama stað og nr. 1.
- 3. Mýrlendum bithaga í Katanesi nærri loftgæðaeftirlitsstöð Iðntæknistofnunar austan álvers.
- 4. Ræktuðu túni í Katanesi við hlið loftgæðaeftirlitsstöðvar Iðntæknistofnunar austan álvers.
- 5. Mýrlendum bithaga í landi Klafastaða rétt vestan Járnblandiverksmiðju.
- 6. Mýrlendum bithaga milli Galtarholts og Eiðisvatns.
- 7. Mýrlendi við Hvammsenda austan Hvalfjarðar.

Í upphafi ferðar voru loftdælur settar á sogstauta, þá voru straumvatnssýni tekin á meðan sýnaflöskur tengdar sogstautum fylltust. Þegar fimm dælur voru í lagi tók einn til þrjá sólarhringa að safna nægjanlegu sýni til heildarefnagreininga.

2.2.1. Aðferðir við söfnun sigvatns úr jarðvegi

Sogstautum var komið fyrir í jarðvegi á um 50 sm dýpi. Oddbeittum ryðfríum stálteini, sem var 2,5 sm í þvermál, var stungið um 80 sm niður í jarðveginn undir 45° horni niður á um 50 sm dýpi. Jarðvegi skammt frá söfnunarstað var hrært saman við afjónað vatn í plastfötu. Gróft efni og gróðurleifar voru sigtaðar frá áður en jarðvegi og vatni var hrært saman til þess að koma í veg fyrir að steinar og gróðurleifar hömluðu niðurstetningu sogstauta. Þessum hræringi var því næst hellt í gegnum tregt og plaströr niður á botn holunnar sem gerð var með stálteininum. Rörið var dregið hægt upp úr svo að holan fylltist af hræringnum. Þá var Prenartsogstaut þrýst með þar til gerðu röri niður á botn holunnar í gegnum hræringinn. Á hverjum sýnatökustað voru fjórir til átta sogstautar samtengdir í eina söfnunarflösku til þess að hafa söfnunartímann sem stýstan.

Í upphafi söfnunar var loftdæla tengd við söfnunarflösku sem er úr pýrexgleri með sérstökum loftheldum tengjum. Söfnunarflöskur voru svo tengdar við sogstauta og dæla sett í gang. Sogdælan dældi lofti úr söfnunarkerfi þar til ákveðnum undirþrýstingi var náð. Þá hætti hún að dæla. Hún fór síðan aftur í gang þegar undirþrýstingur hafði minnkað að ákveðnu marki. Þegar um 100 til 200 ml höfðu safnast var söfnunarflaska aftengd, flaskan skoluð með sýninu og því síðan hent. Flaskan var tengd aftur og allt sem safnaðist eftir það var varðveitt. Sigvatnssýnin voru síðan meðhöndluð (síuð, sýrð, fryst o.s.frv.) eins og lýst er í kafla 2.1.1. hér að ofan nema hvað síubúnaður var skolaður með um hálfum lítra af sýni í stað a.m.k eins lítra af straumvatnssýni

vegna þess hve takmarkað magn er af sigvatni.

Söfnunaraðferðir voru bættar í maí og júní 1999 miðað við reikul efni, efni sem oxast þegar þau koma í snertingu við súrefni, og efni sem geta fallið úr vatnslausn eftir að þau koma í snertingu við súrefni. Í stað þess að meðhöndla sýnin á staðnum eins og áður hafði verið gert, þ.e. sía og sýra, var söfnunarflösku lokað áður en slökkt var á dælu og sýninu þannig haldið við undirprýsting þar til komið var inn í rannsóknarstofu.

Illu gekk að safna sigvatni við Katanes í maí 1999. Leiðsla frá einum sogstautnum hafði losnað frá honum, líklega vegna frosts um veturinn. Önnur leiðsla sem lá nærri grindverkinu hafði verið nóguð lítillega af búfénaði. Þetta tvennt varð til þess að kerfið náði ekki stöðugum undirprýstingi, dælan var stöðugt í gangi og varð af þeim sökum rafmagnslaus áður en nægilega stórt sýni safnaðist. Undirprýstingur hélst á öllum sýnaflöskunum, nema sýnum nr. 99-JA046, 99-JA047, 99-JA048 og 99-JA058.

2.3. Efnagreiningar á rannsóknarstofu

2.3.1 Vöktunarsýni

Basavirkni og pH var mælt með títrator á Raunvísindastofnun daginn eftir söfnun eftir að sýnin höfðu verið látin hitna að stofuhita. Leiðni vatnssýna var einnig mæld við stofuhita. Flúor og klór í vatnssýnum var mælt með rafskautum nokkrum vikum eftir sýnatöku. Brennisteinn sem súlfat (SO_4) var greindur með jónaskilju Iðntæknistofnunar nokkrum vikum eftir söfnun. Næmi og samkvæmni mælinga er sýnt í 1. töflu. Sýni til annarra efnagreininga, sýrð eða fryst, eru varðveitt á Raunvísindastofnun.

2.3.2. Meðhöndlun sigvatnssýna og efnagreiningar á rannsóknarstofu að lokinni söfnun sumarið 1999

Strax að lokinni söfnun voru sigvatnssýnin sem safnað var í maí og júní 1999 færð inn á rannsóknarstofu Raunvísindastofnunar í Jarðfræðihúsi þar sem þau voru meðhöndluð til þess að koma í veg fyrir oxun og útfellingu efna úr vatnslausn, ásog efna á sýnaflöskur og upplausn efna úr gruggi og andrúmslofti. Sýni fyrir næringarsölt voru síuð og fryst til þess að koma í veg fyrir rotnun og eða tillífun lífræns efnis í sýnunum. Reikul efni voru mæld strax eftir að söfnunarflöskur voru opnaðar. Leiðni var mæld nokkrum dögum seinna.

Pegar söfnunarflaska var opnuð var sýni viðstöðulaust hellt á 60 ml Erlenmeyerflöskur til mælinga á uppleystu súrefni með Winkler títrun (Grasshoff 1983), súrefnið bundið og flöskum lokað með glertappa. Næst var hellt á 20 ml bikar til Eh mælinga og rafskaut skrófað á bikarinn. Þá voru 40 ml settir út í Erlenmeyerflösku með lút, asetóni og díthízóni til mælinga á H_2S (Archer 1955). Því næst var um 40 ml hellt í bikarglas til mælinga á pH og basavirkni (alkalinity). Loks var síuhaldarinn skolaður með hluta af sýninu og því hent. Það sem eftir var af sýninu var síað í gegnum sellulósa-asetatsíu með 0,2 μm porustærð og 47 mm þvermál. Síuhaldarinn var úr pólýethelýni og var sýnið sogað í gegnum síuna í neðra hólfi síuhaldara með undirþrýstingi. Fyrstu 10-40 ml sem komu í gegnum síuna voru notaðir til þess að þvo neðra hólfi síuhaldarans og þeim síðan hent. Það sem eftir var af sýninu var síað og hellt á sýnaflöskur. Fyrst var sýni hellt í eina 190 ml pólýethelýn flösku til mælinga á leiðni og styrk anjóna. Þá á sýrupvegna 100 ml pólýethelýn flösku til aðalefna- og snefilefnagreininga. Í þessa flösku var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru. Því næst var hellt á fjórar 20 ml „high density” pólýethelýn flöskur til næringarsaltagreininga. Sýnin í þessum flöskum voru fryst að lokinni síun. Að lokum var sýni til greininga á uppleystu lífrænu kolefni (DOC) hellt á 30 ml „low density” pólýethelýn flöskur sem áður höfðu verið þvegnar með 1M saltsýru í 4 klst. Sýnið var síðan sýrt með 0.4 ml af 1.2 M saltsýru og geymt í kæli. Allar flöskurnar voru vandlega skolaðar með síuðu sýni áður en þær voru fylltar. Sýran sett út í snefilefnaflöskuna eftir að búið var að sía allt sýnið. Flöskurnar (100 ml) sem notaðar voru fyrir sýrða sýnið voru sýrupvegnar í Luleå, af rannsóknaraðilanum SGAB sem annaðist aðalefna- og snefilefnagreiningar.

2.3.3 Sýni til heildarefnagreininga

Sýni af sigvatni frá tímabilinu 1998-1999 voru valin til heildarefnagreininga. Engar heildarefnagreiningar voru gerðar af straumvatni sem safnað var 1998-1999.

Þau sýni, sem heildarefnagreiningar voru gerðar á (töflur 4, 6, og 7), voru mæld eins og greint var frá hér að ofan fyrir vöktunarsýni. Önnur aðalefni og snefilefni voru mæld af SGAB með með svokallaðri „High Resolution ICP-MS” („High Resolution Inductively Coupled Plasma Mass Spectrometry”) efnagreiningaraðgerð í Luleå í Svíþjóð. Efnagreiningar á uppleystu lífrænu kolefni (DOC) voru framkvæmdar í Svíþjóð með „catalytic” bruna við háan hita vatnssýnis (0,1 ml). Nemi með „near” innrauðri geislun var notaður til að greina þann koltvísýring (CO_2) sem myndaðist. Næringarsöltin NO_3 , NO_2 , NH_4 og PO_4 voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli Raunvísindastofnunar („autoanalyzer”). Sýni til næringarsaltagreininga voru tekin úr frysti og látin

standa við stofuhita nóttina fyrir efnagreiningu þannig að þau bráðnuðu að fullu.

Sýni af straumvatni og sigvatni frá tímabilinu 1997-1989 (töflur 3, 5 og 7) sem valin voru til heildarefnagreininga og greint er frá í fyrri skýrslum voru mæld á eftirfarandi hátt: Aðalefnin Si, Ca, Mg, Na og S og snefilefnin Al, Fe, Mn, Ti og Sr voru greind með ICP-AES („Inductively Coupled Plasma Atomic Emission Spectrometry“) tæki Raunvísindastofnunar. Kalí (K) var greint með jónaskilju Raunvísindastofnunar þar sem styrkur þess er nærri næmi ICP-AES-tækisins.

Næringarsöltin NO_3 , NO_2 , NH_4 og PO_4 voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli

Raunvísindastofnunar („autoanalyzer“). Sýni til næringarsaltagreininga voru tekin úr frysti og látin standa við stofuhita nóttina fyrir efnagreiningu þannig að þau bráðnuðu að fullu. Snefilefna- og þungmálmagreininga voru gerðar með svokallaðri „High Resolution ICP-MS“ („High Resolution Inductively Coupled Plasma Mass Spectrometry“) efnagreiningaraðgerð í Luleå í Svíþjóð. Sýni til þessara mælinga voru sýrð meira (1 ml hreinsuð og mettuð HNO_3 sýra í 100 ml sýni) en sýnin til mælinga með ICP-AMS tæki Raunvísindastofnunar (1 ml hreinsuð og mettuð HNO_3 sýra í 190 ml sýni). Allnokkur efni eru greind með fleiri en einni aðferð eins og sjá má í töflum 3 og 5 og töflum 9 og 10.

Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis er gefið sem milligrömm CO_2 í hverjum lítra vatns í töflu 3 og 9 og er reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu út frá mælingum á pH, hitastigi, sem pH-mælingin var gerð við, basavirkni og styrk kísils.

$$\text{CO}_2 = 44010 \frac{\left([\text{Alk}] - \frac{K_w}{[\text{H}^+]} - \frac{\text{Si}_T}{\left(\frac{[\text{H}^+]}{K_{\text{Si}}} + 1 \right)} + [\text{H}^+] \right)}{\left(\left(\frac{[\text{H}^+]}{K_1} + 1 + \frac{K_2}{[\text{H}^+]} \right) + 2 \left(\frac{[\text{H}^+]^2}{K_1 K_2} + \frac{[\text{H}^+]}{K_2} + 1 \right) \right)^{-1}} \quad (1).$$

K_1 er hitastigsháður kleyfnistuðull kolsýru (Plummer og Busenberg 1982), K_2 er hitastigsháður kleyfnistuðull bikarbónats (Plummer og Busenberg 1982), K_{Si} er hitastigsháður kleyfnistuðull

kísilsýru (Stefán Arnórsson o.fl. 1982), K_w er hitastigsháður kleyfnistuðull vatns (Sweeton o.fl. 1974) og Si_T er mældur styrkur Si.

Hægt er að leggja mat á gæði mælinga á aðalefnum eða hvort mælingar vanta á aðalefnum eða ráðandi efnasamböndum með því að skoða hleðslujafnvægi í lausn. Ef öll höfuðefni og ríkjandi efnasambönd eru greind og styrkur þeirra er réttur er styrkur neikvætt hlaðinna efnasambanda og jákvætt hlaðinna efnasambanda jafn. Hleðslujafnvægi sýna frá 1996-1998, þar sem öll aðalefni voru mæld, er sýnt í töflum 3 og 9 (Hleðsl.). Það er gefið í prósentum og teljast greiningar sem eru undir 15% góðar. Hleðslujafnvægið var reiknað með reiknilíkaninu WATCH (Stefán Arnórsson o.fl. 1982). Hleðslujafnvægi sigvatnssýna frá 1998-1999, þar sem öll aðalefni voru mæld, er sýnt í töflu 4 (Hleðsl.) Hleðslujafnvægi þessara sýna var reiknað með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Hleðslujafnv.} = \text{Katjónir} - \text{Anjónir} = \text{Na} + \text{K} + 2 \text{Ca} + 2 \text{Mg} - \text{Alk} - \text{Cl} - 2 \text{SO}_4 - \text{F}$$

og mismunur sem hlutfallsleg skekkja

$$\text{Mism.\%} = \frac{\text{Hleðslujafnv.}}{\left(\frac{(\text{Katjónir} + \text{Anjónir})}{2} \right)} 100 \quad (2)$$

3. SKÝRSLUR

Gert var ráð fyrir tveimur skýrslum á samningstímanum 1998-1999, einni áfangaskýrslu og einni lokaskýrslu. Skýrslur frá upphafi rannsókna 1997 á Grundartanga eru:

- Áfangaskýrsla 15. nóvember 1997.
- Áfangaskýrsla 15. mars 1998.
- Áfangaskýrsla með túlkunum 15. apríl 1998.
- Lokaskýrsla með túlkunum 15. júlí 1998.
- Áfangaskýrsla 15. nóvember 1998.
- Lokaskýrsla með túlkunum 15. júlí 1999.

Í áfangaskýrslum var gerð grein fyrir mæliaðferðum og mælingum. Í þessari lokaskýrslu er gerð

grein fyrir öllum aðferðum og gögnum og þau túlkuð. Heiti skýrslanna og höfundar eru eftirfarandi:

Sigurður Reynir Gíslason, Matthildur Bára Stefánsdóttir og Andri Stefánsson (1997).

Ferskvatns- og sigvatnsrannsóknir í nágreppi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

Áfangaskýrsla til Norðuráls hf. 15 nóvember 1997. 15 bls.

Sigurður Reynir Gíslason, Matthildur Bára Stefánsdóttir og Andri Stefánsson (1998).

Ferskvatns- og sigvatnsrannsóknir í nágreppi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

Áfangaskýrsla til Norðuráls hf. 15. mars 1998. 16 bls.

Sigurður Reynir Gíslason, Andri Stefánsson og Matthildur Bára Stefánsdóttir (1998).

Vatnsrannsóknir í nágreppi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Áfangaskýrsla með túlkunum.

15. apríl 1998. Unnið fyrir Norðurál hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. 61 bls.

Sigurður Reynir Gíslason, Andri Stefánsson, Matthildur Bára Stefánsdóttir og Eydís Salome

Eiríksdóttir (1998). Vatnsrannsóknir í nágreppi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

Lokaskýrsla 15. júlí 1998. Unnið fyrir Norðurál hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. 82 bls.

Sigurður Reynir Gíslason, Matthildur Bára Stefánsdóttir og Eydís Salome Eiríksdóttir (1998).

Vatnsrannsóknir í nágreppi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Framvinduskýrsla 15.

nóvember 1998. Unnið fyrir Norðurál hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. 51 bls.

4. STARFSMENN OG GÆÐAEFTIRLIT

Verkefnisstjóri var Sigurður Reynir Gíslason. Rekstur verkefnisins var í fyrstu í höndum Matthildar Báru Stefánsdóttur jarðfræðings og Andra Stefánssonar jarðfræðings. Þau unnu bæði að meistaraþrófsritgerð í jarðefnafræði við Háskólann árið 1997-1998. Vorið 1998 lauk Andri Stefánsson MS námi sínu og tók þá Eydís Salome Eiríksdóttir jarðfræðingur við starfi hans.

Raunvísindastofnun tekur þátt í norrænu gæðaeftirliti hvað varðar efnagreiningar á aðalefnum og næringarsöltum í straumvatni. Enn fremur hefur Jarðfræðistofa á undanförunum áratugum tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna hvað varðar efnafræði straumvatns og jarðhitavatns.

Rannsóknarstofan SGAB í Svíþjóð er með alþjóðlega vottun hvað varðar gæði efnagreininga.

5. NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU OG EFNARANNSÓKNA

Niðurstöður sýnatöku og efnarannsóknna af straum- og sigvatni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga frá júní 1997 til júní 1999 og af straumvatni í Kjós frá 1996 og 1997 eru sýndar í 2. til 10. töflu. Í 2. til 6. töflu eru niðurstöður af vatni í nágrenni Grundartanga sýndar í þeirri röð, sem sýnin voru tekin. Nákvæm staðsetning sýnatökustaða og dagsetning sýnatöku frá upphafi til loka rannsóknarinnar er gefin í 2. töflu. Niðurstöður efnagreininga á aðalefnum og næringarsöltum áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga 1997-1998 eru í 3. töflu. Niðurstöður efnagreininga á aðalefnum, uppleystu lífrænu kolefni og næringarsöltum eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga 1998-1999 er gefin í 4. töflu. Niðurstöður efnagreininga á þungmálum og öðrum snefilefnum áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga 1997-1998 eru sýndar í 5. töflu. Styrkur þungmálma og snefilefna í sigvatni eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga 1998-1999 er sýndur í 6. töflu. Í 7. töflu eru niðurstöður vöktunar sýndar í tímaröð fyrir hvern stað til þess að auðvelda samanburð.

Í 8. til 10. töflu eru niðurstöður efnarannsóknna á vatni í Kjós sýndar í þeirri röð sem sýnin voru tekin. Þessar efnagreiningar eru hluti af meistaraþrófsverkefni Andra Stefánssonar. Í 8. töflu er nákvæm staðsetning sýnatökustaða og dagsetning sýnatöku. Niðurstöður efnagreininga á aðalefnum og næringarsöltum eru sýndar í 9. töflu og niðurstöður efnagreininga á þungmálum og öðrum snefilefnum eru í 10. töflu. Veðurfarsgögn, dagsmeðaltöl, eru tekin saman í 11. töflu frá Grundartanga og Akranesi dagana sem sýni voru tekin og tvo daga fyrir söfnun.

Sogstautar sem notaðir voru til þess að safna sigvatni úr jarðvegi voru ekki settir upp við Klafastaði, Galtarholt og ræktað tún við Katanes fyrr en í ágúst 1997 (1. og 2. mynd). Á þessum stöðum eru því engin gögn fyrir maí og júní 1997. Sogstautar voru settir upp við Hvammsenda í maí 1998. Sogstautar í mel í Mörkinni hafa líklega aftengst í frostunum veturinn 1997-1998. Í maí 1998 sogaðist gruggugt vatn upp úr melnum en í júní kom einungis loft úr slöngunum. Þá var safnað eftir langvarandi þurrka og slönguendarnir líklegast komnir upp úr sigvatninu. Söfnun úr ógróna melnum í Mörkinni lagðist því af frá og með júní 1998 (1. og 2. mynd, Töflur 2, 3, 4 og 7). Eins og greint var frá í kafla 2.3.2. um meðhöndlun sigvatnssýna og efnagreiningar á rannsóknarstofu að lokinni söfnun sumarið 1999, þá breyttist meðhöndlunin nokkuð frá því sem var árið 1997 og 1998. Breytingin var gerð til þess að koma í veg fyrir að súrefni kæmist í snertingu við sigvatnið áður en mælingar voru gerðar á reikulum efnum og áður en sýnin voru síuð og sýrð. Enn fremur var bætt við mælingum á uppleystu súrefni í vatninu, oxunarstigi, Eh, og

styrk gastegundarinnar H_2S í sigvatninu (töflur 4, 6 og 7).


Leiðnimælingar voru gerðar í vatni frá þeim stöðum sem vaktaðir voru reglulega í nágrenni Grundartanga. Þær byrjuðu ekki fyrr en í ágúst 1997 og var leiðni því mæld nokkrum vikum eftir söfnun í sýnum sem safnað var fyrir þann tíma. Verið er að mæla styrk aðalefna, lífræns kolefnis og snefilefna í öllum sigvatnssýnum sem safnað var í maí og júní 1999. Í lokaskýrslunni frá 15. júlí 1998 (Sigurður R. Gíslason ofl. 1998c) urðu mistök hvað varða styrk brennisteins í vatni. Hann var gefin sem mg/l SO_4 í töflum og myndum, en í raun var styrkurinn sem mg/l S eftir október 1997. Kom þetta fram sem minnkun í styrk brennisteins (SO_4) eftir október 1997. Nú eru þessi mistök leiðrétt í töflum og myndum þessarar skýrslu.

Áður en einstökum niðurstöðum er lýst er rétt að árétta hvaða not sé hægt að hafa af þeim. Styrkur aðalefna í vatninu getur sagt til um uppruna efna í vatninu, hve mikið er komið frá úrkomu, bergi, og e.t.v. mengun. Enn fremur er hægt að nýta þessar efnagreiningar ásamt mælingum á hitastigi og pH til þess að segja fyrir um efnaskipti vatns og bergs, hvort steintegundir í berginu leysast upp í vatninu eða hvort veðrunarsteintegundir myndist í vatninu.

Mikill styrkur snefilefna og þungmálma í vatni er hættulegur lífverum. Sum snefilefni og þar með taldir sumir þungmálmar eru nauðsynleg lífverum og gróðri og hraða vexti þeirra eftir því sem styrkur snefilefnanna vex í vatni. Þegar ákveðnum styrk er náð fara efnin að hægja á vexti og loks getur styrkur efnanna orðið það mikill að hann verður lífshættulegur. Þetta á við um efni eins og t.d. Cu, Zn, Mn ofl. Önnur snefilefni hafa alltaf slæm áhrif á vöxt lífvera, svokölluð "nonessential elements". Þetta eru efni eins og Hg, Pb, Cd ofl. (Stumm og Morgan 1996). Þau ferli, sem stjórna styrk snefilefna, eru mjög flókin. Mikill styrkur snefilefna og þungmálma í vatni getur verið náttúrulegur, hann getur stafað af mengun og óbeinum áhrifum mengunar. Eins og t.d. þegar vatn súrnar fyrir áhrif mengunar þá geta þungmálmar og ýmis snefilefni losnað úr bergi og jarðvegi. Því var mikilvægt að skilgreina styrk snefilefnanna í vatninu áður en iðnaður jókst á Grundartanga og fyrstu mánuðina eftir að álframleiðsla fór í gang.

Gróður og lífverur á vatnasviðum straumvatna nýta sér næringarefni NO_3 , NO_2 , NH_4 , PO_4 til vaxtar. Við tillífun á sumrin gengur á næringarefni í vatni, jafna 3 gengur til hægri, en á veturna er þeim skilað að hluta til baka við öndun og rotnun lífræns efnis ein og sýnt er í jöfnu 3. Ef gróður og lífverur eiga erfitt uppdráttar vegna mengunar er líklegt að styrkur næringarsalta í vatni aukist vegna aukinnar rotnunar og minni tillífunar. Dreifing tilbúins áburðar getur einnig haft

veruleg áhrif á styrk næringarefna í vatni.



Áhrif tillífunar geta verið mikil á aðalefni eins og Si og H⁺ (pH) í straumvötn sem renna úr grunnnum vötnum. Dæmi um þetta eru Elliðaármar sem renna úr Elliðavatni og Laxá í Laxárdal sem rennur úr Mývatni (Jón Ólafsson 1979; Sigurður R. Gíslason ofl. 1998e). Fer þá saman tillífur kísilþörungna á botni vatnanna og stundum tillífur svifþörungna, blágrænþörungna, yfir sumarmánuðina og getur þá pH útrennslis vatnanna farið upp í pH 10 í júní og júlí. Eins og sýnt er með jöfnu 3 þá gengur á H⁺ við tillífur og hækkar þá pH vatnsins. Líklegt er að svipuð ferli og ráða í Elliðaárvatni og Mývatni, hafi áhrif á Kalmansá sem rennur úr Hólmavatni, og Urriðaá, sem rennur úr Eiðisvatni (1. mynd).

Rennsli var mælt samtímis sýnatöku því styrkur uppleystra efna í straumvötnum breytist með rennsli. Hann er yfirleitt minni þegar rennsli er mikið. Þá hefur stór hluti vatnsins haft mjög takmarkaðan tíma til efnaskipta við jarðveg og berg. Ef úrkoma er mjög menguð geta þessi vensl verið á annan veg. Enn fremur er hægt með rennslismælingum að reikna brotnám efna út af vatnasviðum straumvatna (tonn/km²/ári) ef stærð vatnasviðanna er þekkt.

Leiðnimæling er fljótleg og ódýr mæling sem gefur vísbendingar um heildarstyrk hlaðinna efna og efnasambanda í vatnslausn. Mikilvægt er að skilgreina leiðni vatnsins áður en og fyrst eftir að iðnaðarumsvif aukast á svæðinu. Til dæmis gæti Vatnsveita Akraness haft samfelldar leiðnimælingar á vatni sínu úr Berjadalsá til þess að hafa eftirlit með vatnsgæðum.

Eins og sjá má í 3. 4. og 9. töflu sveiflaðist vatnshitinn þegar safnað var frá 0 til 22 °C og ræðst að mestu af lofthita.

Leiðnin mældist lægst 50 µS/sm um miðnætti, 15. júní, 1999. Hún var hæst 281 µS/sm í sigvatni í ræktuðu túni við loftrannsóknarstöðina í Katanesi 26. ágúst 1997. Yfirleitt var leiðnin mest í sigvatni, sem safnað var í sogstauta, og í vatni, sem rennur úr mýrum, en hún var lægst í straumvatni. Urriðaá og Kalmansá, sem renna úr Eiðisvatni og Hólmavatni, voru með háa leiðni miðað við straumvötn en drjúgur hluti innrennslis í vötnin kemur úr mýrum (1. 2. og 3. mynd; töflur 3, 4, 7 og 9). Það sama gildir um styrk aðalefna í vatni og leiðni. Styrkurinn var mestur í sigvatni, sem safnað var í sogstauta og í afrennslisvatni mýra, en hann var lægri í öðru

straumvatni.

Gildi pH í straumvötnum var frá tæplega 6 til tæplega 8 og sveiflaðist nokkuð. Það var nokkuð lægra á veturna en sumrin (töflur 3, 4, 7 og 9). Vatn, sem rann úr mýrum og var sögið úr jarðvegi í sogbolla, var með lægra pH-gildi en önnur straumvötn, eða frá 4,6 undan ræktuðu túni við Katanes í rúmlega 7 undan mosapembu í mel í Mörkinni (1. 2. og 3. mynd og töflur 2, 3 og 7). Gildi pH er hæst 8,94 í lind í austanverðu Skálafelli (3. mynd og tafla 9).

Styrkur klórs (Cl) var breytilegur á rannsóknarsvæðinu og endurspegladi að mestu hve mikið af klór ýrist upp úr sjó í Hvalfirði og Faxaflóa (töflur 3, 4, og 9). Einnig má sjá breytingar eftir árstíðum í töflu 7.

Styrkur flúors var mjög lítill í vatni á svæðinu. Í nágrenni Grundartanga var hann mestur í sigvatni þar sem efnaskipti vatns og bergs voru mest og í Kalmansá og Urriðaa. Flúor náði mestum styrk (0,4 mg/kg) í sigvatni undir ræktuðu túni í Katanesi 26. ágúst 1997. Í Kjósinni var styrkur flúors mestur í lind í Móskarðshnjúkum (1. og 2. mynd, tafla 9) eða 0,26 mg/kg en bergið í Móskarðshnjúkum er af annarri efnasamsetningu en flest annað berg í Kjósinni og í nágrenni Grundartanga, það er súrt og flúor- og brennisteinsríkt (Andri Stefánsson og Sigurður Reynir Gíslason 1999).

Næringarsaltið nítrat (NO_3) var í svo lágum styrk í nágrenni Grundartanga í júní 1997 að hann var ekki mælanlegur (tafla 3). Undantekning frá þessu var straumvatn sem rann efst af Akrafjalli þ.e. Kúludalsá, Djúpilækur og Berjadalsá (1. 2. og 3. mynd, töflur 3 og 7). Einnig var mikill styrkur nitrats í Kalmansá á þessum tíma.

6. TÚLKUN NIÐURSTAÐNA

6.1. Mettunarástand vatnsins miðað við frumsteintegundir í bergi

Grundvallarforsenda þess að hægt sé að meta hvort straum- og/eða sigvatn hafi mengast af manna völdum er að skilja þá þætti sem stjórna náttúrulegum styrk efnanna í vatninu. Þetta er mikilvægt þar sem náttúrulegur styrkur efna getur verið mjög breytilegur milli svæða, innan svæðis, og á sama stað á mismunandi tíma.

Þeir náttúrulegu þættir, sem hafa hvað mest áhrif á efnasamsetningu straum- og sigvatns, eru efnasamsetning úrkomu á ákomusvæði, efnaskipti vatns og bergs, efnaskipti vatns og

andrúmslofts, efnaskipti vatns og lífmassa (rotnun, öndun, tillífun o.fl.), íblöndun jarðhitavatns og eldfjallaáhrif. Á Grundartanga og í Kjós eru íblöndun jarðhitavatns og eldfjallaáhrif hverfandi ef einhver. Þannig má gera ráð fyrir því að þeir þættir, sem ráða náttúrulegum styrk efnanna í vatninu, séu efnasamsetning úrkomu og efnaskipti vatns, bergs, lífrænna efna í jarðvegi og andrúmslofts.

Mikilvægasta berggerðin í nágrenni Grundartanga er basalt. Í basaltinu er nokkrar steintegundir eða steindir. Þær eru svokallaðar frumsteindir, en þær myndast þegar bergið storknar á eða við yfirborð jarðar, og svokallaðar veðrunarsteindir, en þær myndast þegar bergið veðrast. Vatn, sem er í snertingu við bergið, mettast af uppleystum efnum sem losna úr frumsteindum þess, og veðrunarsteindir falla út úr vatninu. Mikilvægustu frumsteindir í basalti eru plagíóklas, klínó- og orpópýroxen, ólivín, málmsteindir og apatít. Til þess að geta sagt fyrir um hvort basalt sé að leysast upp í vatni af ákveðinni efnasamsetningu, t.d. sigvatni eða straumvatni frá Grundartanga, þarf heildarefnagreiningu á vatninu, hitastigs- og pH-mælingu og upplýsingar um leysni frumsteindanna. Leysnin segir til um hve mikið má vera af ákveðnum efnum og efnasamböndum í vatni áður en frumsteindirnar í berginu hætta að leysast upp.

Nýlega var lokið við að endurskoða leysni fyrir orpópýroxen, plagíóklas og ólivín í vatni (Andri Stefánsson 1998; Stefán Arnórsson og Andri Stefánsson 1998) en áður höfðu Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson (1990, 1993) metið leysni þessara steinda. Endurskoðuðu gildin eru töluvert frábrugðin þeim eldri og byggja á endurbættum blandlíkönum fyrir frumsteindirnar og nýjum gögnum á efnavarmafræðilegum eiginleikum kísils og áls í vatni (Rimstíð 1997; Ingvi Gunnarsson og Stefán Arnórsson, 1998; Stefán Arnórsson og Auður Andrésdóttir 1998) og plagíóklassteinda (Stefán Arnórsson og Andri Stefánsson 1998). Einnig hefur leysni klínópýroxena, málmsteinda með náttúrulega samsetningu og apatíts verið metin (Andri Stefánsson 1998).

Ef öll aðalefni vatnsins eru þekkt má reikna virkni einstakra efnasambanda þess. Þetta hefur verið gert fyrir straum- og sigvatn frá Grundartanga og Kjós fyrir þau sýni þar sem heildarefnagreining liggur fyrir með reiknilíkaninu WATCH (Stefán Arnórsson o.fl. 1982). Forritið var nýlega endurskoðað með tilliti til leysni gastegunda í vatni (Stefán Arnórsson o.fl. 1998), álhýdroxíða (Stefán Arnórsson og Auður Andrésdóttir 1998). Einnig hefur verið bætt við forritið þannig að nú má reikna virkni fosfór- og titanefnasambanda í vatni (Andri Stefánsson 1998; Andri Stefánsson o.fl. 1998). Út frá virkni efnasambanda var mettunarástand frumsteinda basalts í straum- og sigvatni frá Grundartanga og Kjós reiknað. Mettunarástand segir þá til um hvort ákveðin frumsteind sé að leysast upp í vatninu eða hvort hún sé stöðug.

Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar á 4. mynd (Andri Stefánsson o.fl. 1998). Súlnar á myndinni sýna mettunarstig fjölda vatnssýna í snertingu við frumsteindir basalts. Súlnar gefa til kynna breytileikann í mettunarstiginu. Vatnssýni, sem hafa neikvæða orku miðað við ákveðna steind, eru undirmettuð, steindin leysist upp í vatninu. Eins og sjá má á myndinni leysast allar frumsteindir basalts upp í vatni af svæðinu nema flúorapatít, ilmenít og títansnautt títanómagnetít. Þessar steindir leysast einungis upp í vatni með lágt pH. Almenn gildir að frumsteindir basalts eru undirmettaðri, þær eru óstöðugri í vatni með lágt pH, þ.e. vatni eins og sigvatni og mýrrvatni. Basaltið leysist einnig hraðar upp í þessu vatni en t.d. straumvatni sem er með hærri pH.

6.2 Flúor áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga

Í þessum kafla verður fjallað um styrk flúors í vatni fyrir álframleiðslu á Grundartanga og árstíðabundnum breytingum í styrk flúors. styrk flúors eftir að álframleiðsla hófst í júní 1998 verður gerð skil í kafla 6.5.

Meðalstyrkur flúors í Laxá í Leirársveit við Vogatungu og í Þverá við Geitaberg árin 1973 og 1997-1998 og 1998-1999 var nánast hinn sami (5. mynd), um og rétt yfir 30 µg/kg og hefur því lítið breyst á tímabilinu. Skekkja efnagreiningarinnar er almennt 3% en hún eykst þegar nálgast næmi aðferðarinnar sem er 20 µg/kg fyrir flúor (tafla 1.). Á styrkbilinu 30 til 20 µg/kg er skekkjan um 10%. Munurinn á styrk flúors í Laxá og Þverá á árunum 1973 og 1997 er því innan skekkjumarka.

Styrkur flúors var nokkuð sambærilegur í straumvatni í nágrenni Grundartanga og í Kjós, hann er þó mestur í Kalmansá, Urriðaa og Geldingsá (myndir 1., 2., og 3., og töflur 3 og 9). Styrkur flúors er meiri í sigvatni en straumvatni og hann er meiri í sigvatni úr mýrlendum jarðvegi en móajarðvegi. Styrkurinn mælist mestur í sigvatni í túni við Katanes 220 µg/kg og 440 µg/kg (2. mynd, töflur 3, 4, 7 og 9). Þetta sigvatn, í túni við Katanes, hefur jafnframt lægst pH-gildi eða lægra en 5 (tafla 7). Eins og rakið var í kafla 6.1 um mettunarástand bergs eykst útskolun efna úr frumsteindum basalts með lækkanði pH-gildi vatns. Flúor er hreyfanlegt efni, þ.e. styrkur þess vex í vatninu við aukna uppleysingu bergs því að flúor gengur ekki að ráði í veðrunarsteindir. Því er aukinn styrkur flúors í sigvatninu miðað við straumvatn af svipuðum slóðum að öllum líkindum tengdur lágu pH-gildi vatnsins sem leiðir til aukinnar útleysingar flúors úr bergi. Enn fremur eru straumvötnin, sem draga vatn sitt af mýrlendum svæðum og því með tiltölulega lágt pH, með meiri styrk flúors en straumvötn sem draga vatn sitt af melum. Einnig mælist mikið flúor í lindarvatni við Móskaðshnjúka (tafla 9). Móskaðshnjúkar eru úr súru gosbergi (ríólíti) sem er mun flúorríkara en basalt en það er langalgengasta berggerð á Íslandi. Því er aukinn styrkur flúors

í þessum lindum að öllum líkindum tengdur berggerðinni sem vatnið leikur um.

Styrkur flúors í straumvatni með svipað pH frá nágrenni Grundartanga, úr Kjós, Elliðaánum og af Suðurlandi er borinn saman á 6. mynd. Greinileg eldfjallaáhrif eru sjáanleg í árvatninu, þ.e. styrkur flúors vex frá vestri til austurs og nær hámarki í gosbeltinu. Hann er lægstur fjærst því, á Grundartanga og í Kjós, en mestur í Ytri-Rangá þar sem Hekla hefur mikil áhrif á vatnið (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 1992).

6.3. Brennisteinn og klór áður en álframleiðsla hófst á Grundartanga

Viðamikil rannsókn var gerð á straumvötum á Vesturlandi á árunum 1973 til 1974 (Sigurjón Rist 1986), sem meðal annars náði til Laxár í Leirársveit við Vogatungu og Þverár við Geitaberg. Sýni til efnarannsókna voru tekin mánaðarlega, m.a. til að greina styrk brennisteins í vatninu, og því má fá nokkuð gott meðaltal fyrir þessi ár. Styrkur brennisteins í ánum 1973 annars vegar og 1974 hins vegar er nokkuð mismunandi fyrir Þverá við Geitaberg, var 3,97 mg/kg 1973 en 2,05 mg/kg 1974. Hins vegar er hann nokkuð sambærilegur í Laxá í Leirársveit við Vogatungu, 4,05 mg/kg 1973 og 3,40 mg/kg 1974. Þess ber að gæta að einungis 6 sýni voru tekin úr ánum 1973 en 12 sýni voru tekin 1974. Meðalstyrkur brennisteins í Laxá í Leirársveit við Vogatungu og Þverá við Geitaberg 1997 var 1,80 mg/kg og 1,07 mg/kg. Styrkur brennisteins í ánum hefur því minnkað umtalsvert miðað við rannsóknirnar 1973-74 (7. mynd). Athyglisvert er að samskonar minnkun á brennisteini greinist í straumvötum á Suðurlandi (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1997). Minnkunina má því hugsanlega tengja minni brennisteini í andrúmslofti yfir Norðuratlantshafi, en útblástur brennisteins náði hámarki um 1980 í Norður-Ameríku og Evrópu en hefur minnkað síðan (Sigurður R. Gíslason o.fl. 1997; AMAP 1997).

Mikill breytileiki er í styrk brennisteins í straum- og sigvatni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga. Hann var mestur í sigvatni undir ræktuðu túni í Katanesi 8. júní 1997, eða 77 mg/kg SO₄ (2. mynd og töflur 3 og 7). Mun minni breytileiki var hins vegar á styrk brennisteins í straum- og lindarvatni í Kjós. Þar er styrkurinn mestur í lind í Móskarðshnjúkum, sem er í brennisteinsríku bergi, eða 13 mg/kg SO₄, en hann mældist minnstur í Kjósinni í mýrarvatni við Taglalæk 0,91 mg/kg SO₄ (Tafla 9). Mikill brennisteinn getur verið í jarðhitavatni en enginn jarðhiti er á vatnasviðum straumvatnanna á svæðinu. Brennisteinninn getur verið upprunninn úr sjó, hann getur verið til kominn vegna hnattrænnar mengunar, vegna staðbundinnar mengunar, vegna áburðargjafar, vegna rotnunar lífrænna efna, og hann getur losnað úr bergi við efnaveðrun þegar frumsteindir bergsins leysast upp eins og rakið var í kafla 6.1.

Brennisteinn ættaður úr sjó losnar úr ölduföldum þegar sjódropar ýrast upp í loft og berast beint á land eða gufa upp og mynda litlar saltagnir sem leysast auðveldlega upp í vatni. Áhrif þessa eru mest næst sjó en minnst inni á hálendi Íslands og þau eru mest að vetri til í mikilli veðurhæð (Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1988, Sigurður Reynir Gíslason 1990 og 1993, Davíð Egilsson ofl. 1999).

Selta úrkomu á Grundartanga og Kjós er mjög breytileg. Þetta sést glögglega á styrk klórs í vatninu á svæðinu frá 1996 til 1998 (8. mynd), en klór í köldu vatni er að mestu leyti ættaður úr úrkomu (Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1988, Stefán Arnórsson og Auður Andréðóttir 1995, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1996). Klór var í langmestum styrk við Katanes, en minnkar bæði til vesturs og suðurs og mun minni klór er í straumvatni í Kjós en í nágrenni Grundartanga. Þetta er í góðu samræmi við austlægar og norðaustlægar vindáttir sem eru ríkjandi á Grundartanga eins og sjá má á 9. mynd (Hönnun hf. 1995), og því ætti sjávarýringar að gæta mest á nesjum eins og Katanesi, en minnst inn í dölum í Kjós. Sambærileg landfræðileg dreifing var á styrk brennisteins í vatninu og klórs (10. mynd), með nokkrum undantekningum þó. Þannig er styrkur brennisteins yfirleitt hæstur við Katanes en hann minnkar til vesturs og suðurs. Því má skýra mikinn breytileika á styrk brennisteins í straum- og sigvatni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga og í straum- og lindarvatni í Kjós að nokkru leyti vegna mikils breytileika í seltu úrkomunnar á svæðinu.

Brennisteinsauki í úrkomu er styrkur brennisteins í úrkomunni sem ekki rekur uppruna sinn beint til sjávar (Sigurður Reynir Gíslason 1990; 1993). Brennisteinsaukinn virðist vera nokkuð svipaður á Suðvesturlandi og er um 20-40% af heildarbrennisteinsstyrk úrkomunnar en það þýðir að um einn þriðji brennisteins í henni kemur ekki milliliðalaust frá sjó. (Jóhanna Thorlacius, munnlegar upplýsingar).

Reikna má einskonar brennisteinsaukningu fyrir straum- og sigvatn í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga. Aukningin í þessu vatni er þá til komin vegna hnattrænnar mengunar, vegna staðbundinnar mengunar, vegna áburðargjafar, vegna rotnunar lífrænna efna, og hún getur verið til komin vegna brennisteins sem losnar úr basalti við efnaveðrun.

Ef gert er ráð fyrir að allur klór í straum- og sigvatni sé sjávarættaður má reikna brennisteinsaukninguna út frá eftirfarandi jöfnum:

$$SO_{4,heild} = SO_{4,sjór} + SO_{4,auk}$$

endurraðað;

$$SO_{4,aug} = SO_{4,heild} - SO_{4,sjór} \quad (4)$$

þar sem $SO_{4,aug}$ er brennisteinsaukning í straum- og sigvatni, $SO_{4,heild}$ er heildarstyrkur brennisteins í vatninu og $SO_{4,sjór}$ er styrkur brennisteins í vatninu sem rekja má beint til sjávar. Hann má reikna út frá hlutföllum brennisteins og klórs í sjó:

$$SO_{4,sjór} = (SO_4/Cl)_{sjór} Cl_{úrcoma} \quad (5)$$

þar sem $Cl_{úrcoma}$ er klór í straum- og sigvatni sem rekja má til úrkomu en hann er upprunninn í sjó og $(SO_4/Cl)_{sjór}$ er hlutfall efnanna í sjó sem er 0,140 (Riley og Chester 1971) ef $Cl_{úrcoma}$ er í mg/kg.

Eins og áður var getið er varhugavert að bera saman heildarstyrk brennisteins í köldu vatni milli svæða og innan svæða vegna breytileika í seltu úrkomu (8. og 10. mynd). Hins vegar er brennisteinsaukningin óháð seltu úrkomunnar og því mun hentugri til samanburðar. Brennisteinsaukningin í straumvötnum frá Grundartanga, Kjós, Elliðaánum og Suðurlandi er borin saman á 11. mynd. Miðað er við meðaltöl á vöktunarstöðunum á Grundartanga 1997-1998, á Suðurlandi 1996-1998 og Elliðaánum 1997-1998. Úr Kjósinni er miðað við meðaltal nokkurra mælinga 1996-1997 (Andri Stefánsson 1998). Á myndinni er einnig sýndur styrkur brennisteins sem samsvarar 30% meðal brennisteinsauka í úrkomu (úrkomuauki). Styrkur brennisteins í úrkomu miðað við fastan 30 % úrkomuauka er áætlaður með því að reikna brennistein í úrkomu ættaðan ú sjó, $SO_{4,sjór}$, samkvæmt jöfnu 5 og deila í hana með 0,7. Fasti brennisteinsaukinn í úrkomunni (30%) er þá mismunur reiknaðs styrks brennisteins í úrkomu og brennisteinn í úrkomu úr sjó, $SO_{4,sjór}$. Að undanskilinni Urriðaá og Kalmansá var brennisteinsaukningin í straumvötnum í nágrenni Grundartanga lítil og minni en fastur 30% úrkomuauki. Aukningin fyrir þessi straumvötn var minni en brennisteinsaukningin í Ölfusá, Þjórsá og Ytri Rangá sem fyrst og fremst er til komin vegna jarðhita, kvikugastegunda og uppleysingar ungs brennisteinsríks bergs. Því má skýra brennisteinsaukninguna í þessum straumvötnum frá Grundartangasvæðinu með hnattrænni mengun.

Á 12. mynd eru straumvötn, sem renna úr stöðuvötnum eða mýrardrögum, borin saman.

Þessi straumvötn eru með svipað pH, 6,5 -7, Kalmansáin er þó lægst (töflur 3, 7, og 9). Kalmansá og Urriðaá draga vatn úr nágrenni iðjuveranna á Grundartanga en Þverlækur og Hálsá eru austarlega í Kjósinni (1. og 3. mynd og töflur 2 og 8). Brennisteinsaukningin í þessum straumvötnum er nú meiri en fastur 30 brennisteinsauki úrkomunnar. Brennisteinsaukning umfram 30% er þá til komin vegna staðbundinnar mengunar, útleysingar úr bergi, rotnunar lífrænna efna eða áburðargjafar. Af þessum straumvötnum (12. mynd) er brennisteinsaukningin mest í Kalmansánni og þar er aukningin meiri en í Ölfusá en minni en í Þjórsá og Ytri Rangá (11. og 12. mynd). Ef brennisteinsaukningin í mýrardragi við Hálsá umfram 30% úrkomuauka er til komin vegna útleysingar í bergi og sé það borið saman við brennisteinsaukninguna í Urriðaá og Kalmansá mætti álykta að hluti brennisteinsaukningarinnar í Kalmansá sé vegna staðbundinnar mengunar. Þetta er líklega ríflega áætlað því að meira er af efnum sem losnað hafa úr bergi í Kalmansá og Urriðaá en í mýrardraginu við Hálsá og Þverlæk.

Athyglisvert er að brennisteinsaukningin í læknum við Fellsenda á Grundartanga er minni og 30% úrkomuauki. Með öðrum orðum. Brennisteinninn í læknum rekur uppruna sinn til sjávarúða og „30% hnattrænnar mengunar“ en ekki staðbundinnar mengunar. En lækurinn dregur vatn úr útblástursstróki Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt líkönum um dreifingu mengunar frá verksmiðjunni (Vatnaskil hf 1995 eins og greint er frá í umhverfismati Hönnunar hf. 1995). Brennisteinstvíoxíðið (SO_2) virðist því ekki ná að oxast í brennisteinssýru (H_2SO_4) og falla til jarðar.

Á þessu stigi er ekki hægt að bera saman brennisteinsauka í sigvatni frá Grundartanga þar sem samanburð vantar við sigvatn af svæði langt frá iðjuverunum, en mestur styrkur brennisteins í nágrenni Grundartanga mælist í sigvatni.

6.4 Þungmálmar og önnur snefilefni

Töluverð aukning hefur verið í rannsóknum á styrk þungmálma og annarra snefilefna í vatni á Íslandi síðast árið í straumvötnum á Suðurlandi, Austurlandi, Elliðaánum, Grundartanga og í gúrnum á botni Mývatns. Jarðefnafræðileg hegðun flestra snefilefna í íslensku umhverfi er lítt þekkt, en hún getur verið mjög flókin og margbreytileg. Þannig geta sum snefilefni komið í stað aðalefna í veðrunarsteindum, þau geta einnig loðað við yfirborð steinda í bergi og jarðvegi og sum þeirra nýtast gróðri og þörungum við tillífun og eru því bundin í vefjum lífvera á meðan þær eru í vexti en losna við hrömun þeirra. Enn fremur berast snefilefni í vatn með staðbundinni og hnattrænni mengun af manna völdum og frá eldfjöllum.

Rannsóknartímabilið 1998-1999 var styrkur snefilefna, aðalefna og styrkur lífræns kolefnis í upplausn mældur í sigvatnssýnum (tafla 6). Styrkur þungmálma og snefilefna í vatni í nágrenni Grundartanga er sýndur í töflu 7 og 6 og fyrir vatn í Kjós í töflu 10. Enn fremur eru svokölluð „Leiðbeiningarmörk” og „Leyfilegur hámarksstyrkur” þessara efna í neysluvatni samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins sýnd í töflunum (The Council of The European Communities 1980).

Það sama gildir um snefilefnin og aðalefnin. Styrkur þeirra var meiri í sigvatni en straumvatni. Af straumvötnunum er Kalmansáin með mestan styrk snefilefna og hann er nokkur í Urriðaá og Geldingsá (1. mynd og tafla 6). Í sigvatninu er styrkur snefilefnanna yfirleitt mestur í Katanesi.

Styrkur snefilefnanna og þungmálma er mjög lítill í straumvötnunum, langt undir „Leiðbeiningarmörkum” og „Leyfilegum hámarksstyrk” samkvæmt reglum Evrópusambandsins um styrk efna í neysluvatni (tafla 5, 6 og 10; The Council of The European Communities 1980).

Styrkur valinna þungmálma og snefilefna er sýndur á 13. og 14. mynd. Á 13. mynd er styrkur efnanna í árvatni frá Grundartanga, Kjós og af Suðurlandi (Sigurður Reynir Gíslason og Árni Snorrason 1998, óútgefin gögn) borinn saman, en á 14. mynd er styrkur efnanna í Kalmansá, Urriðaá, Mjóavatnslæk og Þverlæk borinn saman. Ástæða þessarar skiptingar er sú að styrkur margra þungmálma er mjög háður pH-gildi vatnsins. Þannig er styrkur þeirra mun meiri í súru (lágt pH-gildi) en hlutlausu og basísku vatni (hátt pH). Efnin á 13. mynd eru: ál (Al), arsen (As), títan (Ti), króm (Cr), mangan (Mn), kóbolt (Co), nikkel (Ni), kopar (Cu), zink (Zn), mólibden (Mo), kadmíum (Cd) og blý (Pb). Járn og kvikasilfur eru ekki sýnd þar sem þessi efni eru í flestum tilfellum undir greiningarmörkum efnagreiningaraðferðanna, þ.e. minna en 20 µg/kg fyrir járn og minna en 0,001 µg/kg fyrir kvikasilfur.

Styrkur efnanna er yfirleitt sambærilegur eða minni í læk við Fellsenda, Kúludalsá, Berjadalsá, Laxá í Leirársveit og Þverá við Geitaberg miðað við hinar árnar. Styrkur króms og mólibdens er yfirleitt meiri í ám á Suðurlandi en á Grundartanga og í Kjós. Laxá í Kjós sker sig úr þessum straumvötnum hvað varðar styrk zinks, blýs, kadmíums, og mangans. Sömu sögu er að segja um járn, sem er þó ekki sýnt á 13. mynd. Sýnin til efnagreiningar úr Laxá í Kjós voru tekin ofan við brú við Þjóðveg nr. 1 við bakka árinna þar sem laxveiði er mjög stunduð með ýmsum tólum.

Það er athyglisvert að lækurinn við Fellsenda (2. mynd) er með einna minnstan styrk þungmálma og snefilefna (13. mynd). En lækurinn dregur vatn úr útblástursstróki Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt líkönum um dreifingu mengunar frá

verksmiðjunni (Hönnun hf. 1995).

Styrkur þungmálma og annarra snefilefna í Kalmansá, Urriðaá, Mjóavatnslæk og Þverlæk (1. og 2, mynd, tafla 5 og 8) er sýndur á 14. mynd. Efnin eru: ál (Al), arsen (As), títan (Ti), króm (Cr), mangan (Mn), járn (Fe), kóbolt (Co), nikkell (Ni), kopar (Cu), zink (Zn), mólibden (Mo), kadmíum (Cd), kvikasílfur (Hg) og blý (Pb). Styrkur efnanna er yfirleitt meiri en eða svipaður og í straumvötnum með hærri pH. Styrkur áls, arsens, títans, króms, kopars, mólibdens og blýs er mestur í Kalmansá. Styrkur kóbólts, járn og mangans er hins vegar mestur í Þverlæk. Styrkur kadmíums er nokkuð breytilegur, mestur í Mjóavatnslæk en minnstur í Urriðaá. Styrkur nikkels, zinks og kvikasílfurs er nokkuð sambærilegur í öllum ánum.

Styrkur áls og járn í köldu vatni á Íslandi er miklu minni en ætla má vegna uppleysingar á bergi. Eins og rakið var í kafla 6.1 er straum- og sigvatn frá Grundartanga og Kjós undirmettað með tilliti til helstu frumsteinda basalts. Því verður að teljast líklegt að lítill hreyfanleiki þessara efna stafi af ferlum eftir að bergið hefur leyst upp, það er myndun veðrunarsteinda og samspili vatns, gróðurs og lofts. Sýnt hefur verið fram á að straumvatn í Kjós sé mettað með tilliti til myndlauss álhýdroxíðs (am-Al(OH)_3) sem er veðrunarsteind (Andri Stefánsson 1997). Þetta þýðir að jafnvægi milli uppleysts áls í vatninu og myndlauss álshýdroxíðs stjórni styrk uppleysts áls í vatninu.

Á 15. mynd sést samband virkni áls í vatni og leysni myndlauss álshýdroxíðs. Þar sést að vatn á pH-bilinu 6 til 8 er nálægt mettun miðað við myndlaust álshýdroxíð, en við hátt og lágt pH nálgast vatnið mettun með tilliti til gibbsíts. Af þessu má draga þá ályktun að styrkur áls í yfirborðs- og sigvatni á Grundartanga og í Kjós stjórni af leysni myndlauss álshýdroxíðs við pH 6-8 en gibbsíts í súrara og basískara vatni. Á myndinni eru enn fremur sýnd hættumörk fyrir seiði straumvatnsfiska (Driscoll o.fl. 1980) og viðmiðunarmörk drykkjarvatnsstaðla Evrópusambandsins (The Council of The European Communities 1980). Samkvæmt þessu má búast við að styrkur áls nálgist hættumörk þegar pH vatns fer niður fyrir 5,5. Ef pH-gildi straumvatna mælist fyrir neðan 5,5 við vöktun í framtíðinni væri full ástæða til að óska eftir heildarefnagreiningu straumvatnssýna til þess að kanna hollustu vatnsins.

Jarðefnafræði járn er mun flóknari en áls en það stafar fyrst og fremst af því að í náttúrunni er járn bæði á þrígildu (FeIII) og tvígildu (FeII) formi. Við afoxandi aðstæður eins og í sigvatni er mestallt járn á tvígildu formi, aðallega sem Fe^{2+} jón. Hins vegar er straumvatn frekar oxandi en það leiðir til þess að þrígilt járn myndast (Andri Stefánsson o.fl. 1998). Á 16. mynd sést mettunarástand í straum- og sigvatni frá Grundartanga og í Kjós miðað við myndlaust þrígilt járnýdroxíð (am-Fe(OH)_3) sem er algeng veðrunarsteind. Þegar $\log Q/K$ er jafnt og núll er vatnið

mettað. Ef $\log Q/K$ er minna en núll er vatnið undirmettað, steindin leysist upp eða myndast ekki. Ef $\log Q/K$ er stærra en núll er vatnið yfirmettað, steind getur myndast í vatninu og ef hún er þegar mynduð vex hún í yfirmettuðu vatninu. Allt straumvatn er mettað með tilliti til myndlauss þrígilds járnhydroxíðs (am-Fe(OH)_3). Þetta þýðir að lítill styrkur járn í vatninu stjórnast að miklu leyti af jafnvægi uppleysts járn í vatninu og veðrunarsteindarinnar járnhydroxíðs og þar sem járnhydroxíðið er torleyst er lítið af járn í vatninu. Hins vegar eru aðrar aðstæður í sigvatni og mýrarvatni. Það vatn er afoxað og þá sérstaklega sigvatnið en það leiðir til þess að járn er allt á tvígildu formi og fer því ekki í að mynda þrígilt járnhydroxíð. Afleiðingin er sú að mun meira er af járn í sigvatni og mýrarvatni en í straumvatni.

Leysni myndlauss álhydroxíðs er háð pH. Ef vatn súrnar, þ.e. pH-gildi þess lækkar t.d. vegna súrnunar á regnvatni, eykst styrkur uppleysts áls í vatninu. Styrkur áls í vatni með pH á bilinu 7 til 8 á Grundartanga og í Kjós er á bilinu 1-15 $\mu\text{g/kg}$, en mælist um 1700 $\mu\text{g/kg}$ í sigvatni með pH um 5. Sigvatnið er að öllum líkindum súrt vegna jarðvegssýra sem myndast í jarðvegi. Sömu sögu er að segja um járn. Þannig er styrkur járn í straumvatni með pH á bilinu 7 til 8 um og undir 20 $\mu\text{g/kg}$ en er allt að 16750 $\mu\text{g/kg}$ í súru og afoxuðu sigvatni.

Samband styrks þungmálma og pH í öllum sýnunum í töflu 5, 6 og 10 er sýnt á 17. mynd. Vensl milli styrks Mn, Cr, Co, Cu, Ni og Zn og pH eru sambærileg og samband Al og Fe við pH (15., 16. og 17 mynd). Munurinn milli styrks málma við lágt pH og pH um 7 og til 8 er þó mjög mismunandi. Hann er minnstur fyrir Cr eða 9-faldur, en mestur fyrir Fe, Mn, og Al eða um og yfir 100 faldur. Þannig er styrkur margra þungmálma í yfirborðs- og sigvatni á Grundartanga og Kjós mjög háður pH-gildi vatnsins. Styrkur Cd og Ti virðist vera heldur hærri við lágt pH en hátt. Engin skýr vensl eru milli As, Mo, Pb, Hg og pH (17. mynd). Þess ber þó að gæta að styrkur þessara efna er mjög lítill í vatninu, minni en um 1 $\mu\text{g/kg}$, og því erfiðara að greina pH-vensl þeirra en fyrrgreindu efnanna. Hvað varðar Mo þá virðist það vera hreyfanlegt efni líkt og brennisteinn og flúor, þ.e. því meira sem leysist upp af bergi því hærri er styrkur þess í vatninu.

Vensl pH og lífræns kolefnis í upplausn (DOC) í sigvatni frá 1998-1999 er sýnt á 18. mynd. Venslin eru ekki glögg en styrkur lífræns kolefnis vex með lækkandi pH. Loks eru vensl lífræns kolefnis og styrks uppleystra snefilmálma sýnd á 19. mynd. Fylgni lífræns kolefnis í sigvatni og málma er lítil, og skortir meiri gögn til þess að geta ályktað um samspil þessara þátta. Gögnin fyrir 1999 fylgja ekki þessari skýrslu, þau eru í vinnslu, en bætt meðhöndlun sýnanna eins og lýst var í kaflanum 2.3.2. um meðhöndlun sigvatnssýna og efnagreiningar á rannsóknarstofu að lokinni söfnun sumarið 1999, ætti að gefa af sér betri gögn sem auka skilning á þeim ferlum sem ráð styrk snefilefna í sigvatni á Íslandi.

6.5 Árstíðarbundnar breytingar í hitastigi, rennsli, leiðni og efnasamsetningu straumvatns og sigvatns í nágrenni Grundartanga

Árstíðarbundnar breytingar í efnasamsetningu straumvatna og sigvatns eru sýndar í töflu 7 og á 20. til 33. mynd. Myndirnar sýna bæði rannsóknartímabilin fyrir og eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga, þ.e. 1997-1998 og 1998-1999. Upphaf álframleiðslu er sýnt með lóðréttri punktalínu í júní 1998 á öllum myndunum. Straumvötnin eru fyrst í töflu 7 og á 20. til 26. mynd og er þeim raðað landfræðilega þannig að byrjað er á Þverá, þá Laxá, Berjadalsá, Kúludalsá, Fellsendalæknum, Urriðaa og loks Kalmansá (1. og 2. mynd). Sigvatnsstöðvum er raðað í töflu 7 og 27. til 33. mynd á svipaðan hátt. Fyrst er byrjað á sigvatni í landi Galtarholts, þá í Mörkinni, við Klafastaði, við Katanes og síðast austan Hvalfjarðar við Hvammsenda (1. og 2. mynd). Fjölpættar efnagreiningar voru gerðar á sigvatni 1998-1999 á vegum Raunvísindastofnunar Háskólans. Þannig er hver mynd frá 27. til 33 margþætt. Fyrst eru þeir þættir sem alltaf eru vaktaðir á vöktunarstöðunum, hitastig, rennsli, leiðni, pH, alkalinity, SO₄, Cl og F, en þar fyrir aftan koma önnur efni sem mæld voru í sigvatninu.

Eins og getið var um í kafla 5 um niðurstöður breytist styrkur næringarsalta í vatni eftir árstíðum, hann er oftast lítill þegar gróður er í blóma á sumrin en er mestur á veturna þegar öndun og rotnun ríkir yfir tillífun. Einnig hefur tillífun og rotnun lífræns efnis áhrif á pH og kísil eins og rakið var í kafla 5 (jafna 3). Þannig getur tillífun þörunga á sumrin valdið háu pH-gildi í júní og júlí í straumvötnum sem renna úr stöðuvötnum.

Styrkur uppleystra efna í úrkomu er meiri á veturna en sumrin á Íslandi vegna meiri veðurhæðar á veturna og þar af leiðandi ýrist meira af sjó upp í andrúmsloftið og snjór er mjög virkur við brotnám salt- og annarra rykagnanna úr andrúmslofti (Sigurður Reynir Gíslason 1993). Enn fremur breytist styrkur uppleystra efna í straumvötnum með rennsli. Hann er yfirleitt minni þegar rennsli er mikið. Þá hefur stór hluti vatnsins haft mjög takmarkaðan tíma til efnaskipta við jarðveg og berg. Ef úrkoma er mjög menguð geta þessi vensl verið á annan veg. Sérstaklega þar sem stór hluti úrkomunnar fellur sem snjór. Þetta stafar af því að snjór er 30 til 50 sinnum mikilvirkari en regn við brotnám rykagna úr lofti (Graedel og Franey, 1975). Ef snjórinn bráðnar ekki dögum eða vikum saman þá safnast mengunin fyrir í snjónum. Sölt og aðrar agnir sitja á yfirborði ískristallanna í snjónum og losna því auðveldlega þegar snjórinn byrjar að bráðna. Tilraunir í náttúrunni og á rannsóknarstofu hafa sýnt að 50 til 80% mengunar í snjó losna úr honum þegar 30% snævarins bráðnar, og að styrkur mengandi efna í fyrsta bráðinu er meira en

fimm sinnum meiri en styrkur þeirra í snjónum áður en hann bráðnaði (Jóhannessen og Henriksen, 1978, Sigurður Reynir Gíslason 1990). Uppsöfnun mengunar í snjó á norðlægum slóðum og bráðnun snævar snemma á vorin hefur leitt til mestu sýringar yfirborðsvatns sem mæld hefur verið, um 1 til 1,5 pH einingar frá meðal pH-gildi stöðu- og straumvatna í Norður- Ameríku, Skandinavíu, og norðurhluta Bretlandseyja (Davies 1989, Tranter 1989, Wigington, 1989). Vegna þess hve veðurfar hefur mikil áhrif á dreifingu, uppsöfnun og losun loftborinnar mengunar, er mögulegt að töluverður munur geti verið á mengun straumvatna frá ári til árs. Þannig má búast við hámarkssýringu straumvatna að vori ef mikið snjóar í hæglætis veðri á veturna án mikilla þíðu milli snjókomu og fyrsta bráð að vori verði ekki í asahláku heldur sólbráð og smáskúrum. Þannig getur árferði haft mikið að segja um sýringu straumvatna.

Vegna hámarkssýringar vatna á vorin á norðlægum slóðum var ákveðið að hafa söfnun straumvatnssýna í nágrenni Grundartanga tíðari í mars og apríl en yfir háveturinn. Árstíðabundnar breytingar í hitastigi, leiðni, rennsli og efnasamsetningu straumvatna og sigvatns í nágrenni Grundartanga eru sýndar í töflu 7 og á 20. til 33. mynd.

Hitastig í straumvötnun breytist með lofthita eins og sjá má á myndum 18 til 24 og tafla 11. Sveiflan er veruleg eða frá 0°C upp í 24 °C 30 júní 1998. Rennsli ána var breytilegt og voru nokkur vetrarflóð mæld (20. til 26. mynd). Leiðnin nær hámarki í apríl 1998 í Þverá, Laxá, Kúludalsá, en nokkru seinna í Berjadalsá og Fellsendalæk. Leiðnin er meiri í Urriðaá og Kalmansá og nær hún hámarki í Urriðaá í fyrstu tveimur sýnunum sem safnað var eftir að álframleiðsla hófst í júní 1998. Sami kvarði er hafður á leiðni allra straumvatna til að auðvelda samanburð (20. til 26. mynd). Vensl leiðni og rennslis er sýnt á 34. og 35. mynd. Í straumvötnunum og í sigvatninu við Klafastaði og Galtarholt minnkar leiðni yfirleitt með auknu rennsli. Í sigvatni á öðrum vöktunarstöðvum eykst leiðni vatnsins hins vegar þegar streymi vatns, við ákveðinn undirþrýsting, vex úr jarðvegi (34. og 35. mynd).

Gildi pH í straumvötnunum er lægst fyrri hluta 1998, allt frá janúar til apríl. Gildi pH fer lægst í Þverá við Geitaberg, 5,7 þ.e. pH sem er mjög nálægt pH gildi hreinnar úrkomu. Það er áhugavert að þetta er vöktunarstöðin sem er fjærst iðjuverunum á Grundartanga (1. og 2. mynd). Gildi pH fer hæst í straumvötnunum yfir sumarmánuðina þegar tillífun er í hámarki (jafna 3, og 20. til 26. mynd). Sveiflan í pH er mest í Þverá við Geitaberg og Kalmansá. Basavirkni eða "alkalinity" er minnst snemma vors, en alkalinity segir til um efnaskipti vatns og bergs. Ef alkalinity er hátt, hafa orðið mikil efnaskipti vatns og bergs. Vorvatnið hefur því haft minnst efnaskipti við bergið. Styrkur klórs er hins vegar mestur fyrri part árs 1998 sem bendir til mikillar

sjávarýringar, eða auðgunar vegna þess að snjór í fjöllum bráðnar að hluta. Þetta er í samræmi við að pH gildi og alkalinity vorvatnsins er lægst en Cl styrkur sem er úrkomuættar er mestur. Styrkur flúors er nokkuð stöðugur, en er oftast lægstur snemma vors, þá líklega vegna þynningar snjóbræðsluvatns því fyrir tilkomu álversins var flúor í vatni nær eingöngu tilkomið vegna efnaskipta vatns og bergs. Eins og áður hefur verið getið er styrkur efna og breytileiki í styrk mestur í Urriðaa og Kalmansá. Fyrst eftir að álvinnsla hófst á Grundartanga óx styrkur F í Urriðaa og Kalmansá. Strax í júní í Urriðaa en ekki fyrr en í byrjun ágúst í Kalmansá. Styrkur flúors í þessum straumvötnum lækkað síðar í svipað horf og fyrir álframleiðslu þegar leið á haustið (25. og 26. mynd).

Árstíðarbundnar breytingar á pH og brennisteini fylgjast ekki að í straumvatni í nágrenni Grundartanga, þ. e. sýnin með lægstu pH gildin hafa ekki mestan brennisteinsstyrk. Sýringin af völdum brennisteinssýru stjórnar því ekki lægstu pH gildunum. Lægstu pH gildin stafa frekar af þynningu árvatns með ósýrðri úrkomu sem hefur pH gildið 5,6. Enn fremur flækist þetta í Kalmansá og Urriðaa sem greinilega hafa mengast af F fyrst eftir að álframleiðsla hófst í júní 1998. Um sumartímann er tillífun í hámarki í Eiðsvatni og Hólmavatni og þvingar tillífun pH gildi vatnanna upp sem vinnur á móti hugsanlegri sýringu, og lífrænt efni í vexti tekur til sín brennistein (jafna 3). Ennfremur er brennisteinsmengun vatnanna háð dvalartíma SO₂ gastegundarinnar yfir vatnasviðum straumvatnanna og úrkomu.

Á þessu stigi er varhugavert að túlka niðurstöður sigvatnsrannsókna í nágrenni Grundartanga sem sýndar eru í töflu 3, 4 og 7 og myndum 25 til 31. Þetta eru fyrstu heilstæðu gögnin um efnasamsetningu sigvatns sem aflað er á Íslandi og efnagreiningar eru fáar á hverjum stað. Sigvatnið í Mörkinni (1., 2., 28. og 29. mynd) er tekið grunnt á um 20-40 sm dýpi í melajarðvegi og í nokkrum halla. Annars vegar þar sem melurinn er ógróinn, en hins vegar þar sem hann er þakinn mosa. Sigvatnið sem tekið er undan ræktuðu túni við Katanes er eina stöðin þar sem safnað er undan ræktuðu túni. Sigvatn frá hinum stöðvunum þ.e. stöðvunum við Galtarholt, Klafastaði, móa við Katanes og við Hvammsenda austan Hvalfjarðar er úr sambærilegum jarðvegi. Mýrlendum þýfðum jarðvegi sem hefur verið beittur og eru söfnunarstöðvarnar um 20 metra frá skurðum sem grafnir hafa verið til þess að lækka sigvatnsstöðuna í mýrunum. Á öllum þessum stöðvum er safnað af um 50 sm dýpi.

Engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að mæla hitastig í jarðvegi til þessa en þar sem vatnshiti er gefinn á það við um hitastig á um 15 sm dýpi í jarðveginum. Þar sem mælingar

eru til er hitastig í lofti og efst í jarðvegi nokkuð sambærilegur (27. til 33. mynd og tafla 11). Rennsli stjórnað nokkuð af þeim undirþrýstingi sem haldið er á söfnunarflöskum en hann var svipaður á öllum stöðvunum, um -650 mbör. Við þessar aðstæður rennur vatnið hraðast úr melnum í Mörkinni eða um 100 ml/klst, en ekki nema rúmlega 50 ml/klst. úr mýrlenda jarðveginum. Leiðni er fljótleg og ódýr mæling sem segir til um styrk hlaðinna uppleystra efna og efnasambanda við ákveðið hitastig. Leiðnin í sigvatni melsins er minnst eða um 110 $\mu\text{S}/\text{sm}$ en hún er um 200 $\mu\text{S}/\text{sm}$ í mýrlenda jarðveginum. Í mýrlenda jarðveginum er leiðnin minnst í Galtarholti en mest í sigvatninu undan ræktaða túninu í Katanesi. Miðað við straumvötnin er pH gildi sigvatnsins í nágrenni Grundartanga nokkuð stöðugt og lægra. Það er lægst í ræktaða túninu við Katanes um 4,6 (tafla 7 og 31. mynd) en hæst í Mörkinni, við Galtarholt og Hvammsenda (pH 6,0-7,5). Basavirkni (alkalinity) sigvatnsins er minnst í melnum í Mörkinni og undir ræktaða túninu í Katanesi. Þetta vatn er því viðkvæmast fyrir sýringu. Styrkur brennisteins var langmestur (77 mg/l SO_4) í fyrsta sigvatnssýninu sem safnað var í ágúst 1997 undir ræktaðu túni við Katanes. Styrkur brennisteins minnkaði síðan eftir það en óx aftur nokkur eftir að álframleiðsla hófst á svæðinu. Sýnin sem tekin voru í maí og júní 1999 eru með minnstan styrk brennisteins sem mældur hefur verið á þessum stað (tafla 7 og 31. mynd). Það er athyglisvert að styrkur brennisteins í sigvatni er meiri við Hvammsenda en við Klafastaði sem eru rétt suðvestan við verksmiðjussvæðið (1. og 2. mynd). Styrkur brennisteins er meiri á Klafastöðum eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga en engin glögg merki um brennisteinsaukningu eftir júní 1998 er að finna í Mörkinni (28. mynd). Styrkur klórs er mestur við Klafastaði og hann er mestur á vorin þegar söfnun hófst eftir vetrarhlé og minnkar á flestum stöðvunum þegar líður fram á haust. Styrkur flúors er mestur við Katanes en minnstur í melnum í Mörkinni. Engin aukning í styrk flúors í sigvatni varð við að starfsemi álversins fór í gang.

6.6. Áhrif aukinnar iðnaðarframleiðslu á Grundartanga á efnasamsetningu straumvatns og sigvatns í nágrenni Grundartanga.

Gögnin sem lýst hefur verið í fyrri köflum og túlkuð að nokkru og gefin eru í töflu 7 og á 6. mynd, og 20. til 30. mynd nýtast til að leggja mat á áhrif aukinnar iðnaðarframleiðslu á Grundartanga. Flúor berst frá álverksmiðjunni nýju í formi ryks, $\text{NaF}_{(s)}$ og $\text{AlF}_{3(s)}$, og gastegundarinnar $\text{HF}_{(2)}$. Brennisteinninn berst frá álverinu eins og frá Járnblendiverksmiðjunni í formi gastegundarinnar brennisteinstvíoxíð (SO_2). Gastegundin $\text{HF}_{(2)}$ er mjög vatnsleysanleg og berst því greiðlega í vatnakerfið, en $\text{SO}_{2(2)}$ þarf að oxast áður en brennisteinssýra H_2SO_4 myndast

í vatni sem síðar berst út vatnakerfið.

Vatnakerfið í nágrenni Grundartanga er næmt fyrir flúormengun þar sem nær enginn flúor er í úrkomu, og styrkur flúors í straumvatni á Grundartanga var eins og hann er minnstur í straumvötnum á Íslandi (6. mynd). Vatnakerfið í nágrenni Grundartanga er hins vegar ekki eins næmt fyrir brennisteinsmengun á formi gastegundarinnar $\text{SO}_{2(2)}$. Mikill brennisteinn og breytilegur er í úrkomu á Grundartanga vegna nálægðar við sjó og brennisteinstvíoxíð ($\text{SO}_{2(2)}$) barst frá Járnblendiverksmiðjuna fyrir júní 1998 og áður en brennisteinninn leysist í nokkru mæli í vatni þarf hann að oxast í brennisteinssýru, H_2SO_4 , og oxunarferlið er háð veðurfarsskilyrðum eins og úrkomu, ryki, vindstyrk og vindátt.

6.6.1. Flúoráhrif

Styrkur flúors er nokkuð stöðugur í straumvatni í nágrenni Grundartanga, en er oftast lægstur snemma vors, þá líklega vegna þynningar snjóbræðsluvatns því fyrir tilkomu álversins var flúor í vatni nær eingöngu tilkominn vegna efnaskipta vatns og bergs. Eins og áður hefur verið getið var styrkur efna og breytileiki í styrk straumvatna mestur í Urriðaá og Kalmansá. Fyrst eftir að álvinnsla hófst á Grundartanga óx styrkur flúors í Urriðaá og Kalmansá. Strax í júní í Urriðaá en ekki fyrr en í byrjun ágúst í Kalmansá. Styrkur flúors í þessum straumvötnum lækkaði síðar í svipað horf og fyrir álframleiðslu þegar leið á haustið (25. og 26. mynd). Ekki er hægt að merkja glögga aukningu í flúor í öðrum straumvötnum í nágrenni við Grundartanga, hvorki í einstökum mælingum fyrst eftir að vinnsla hófst eða í 12 mánaða meðaltölum (6. mynd og tafla 7). Styrkur flúors í sigvatni var mestur við Katanes en minnstur í melnum í Mörkinni. Engin aukning í styrk flúors í sigvatni varð við að starfsemi álversins fór í gang.

6.6.2. Brennisteinsáhrif

Engin glögg aukning í styrk brennisteins varð vart í straumvötnum í nágrenni Grundartanga eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga í júní 1998, hvorki í einstökum mælingum né 12 mánaða meðaltölum fyrir og eftir álver (20. til 26. mynd og tafla 7). Hins vegar má greina aukningu í styrk brennisteins í sigvatni í Klafastöðum, án þess að styrkur Cl aukist, eftir að álframleiðsla hófst í júní 1998.

Eins og áður var getið er varhugavert að bera saman heildarstyrk brennisteins í köldu vatni milli svæða og innan svæða vegna breytileika í seltu úrkomu (8. og 10. mynd). Hins vegar er brennisteinsaukningin óháð seltu úrkomunnar, ef allur klór er vatni er upprunninn í sjó, og því mun

hentugri til samanburðar eins og kom fram í kafla 6.3. Brennisteinsaukningin í straumvötnum og fastur 30% úrkomuauki brennisteins í úrkomu, sem fellur á vatnasvið straumvatnanna í nágrenni Grundartanga, í Kjós, vatnasvið Elliðaáanna og vatnasvið straumvatna á Suðurlandi, eru borin saman á 11. mynd og brennisteinsaukinn fyrir og eftir álver á Grundartanga á 36. mynd. Brennisteinsaukinn hefur aukist eftir álver í Þverá, Laxá, Berjadalsá, Klúludalsá og Fellsendalæk, en hann hefur minnkað í Urriðaá og Kalmansá. Hvort þetta er marktæk breyting er ekki gott að segja en til samanburðar eru breytingar í brennisteinsauka á Suðurlandi sýndar.

Athyglisvert er að brennisteinsaukningin í læknum við Fellsenda á Grundartanga er minni en 30% úrkomuauki (11. mynd). Með öðrum orðum. Brennisteinninn í læknum rekur uppruna sinn til sjávarúða og „30% hnattrænnar mengunar“ en ekki staðbundinnar mengunar. En lækurinn dregur vatn úr útblástursstróki Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt líkönun um dreifingu mengunar frá verksmiðjunni (Vatnaskil hf 1995 eins og greint er frá í umhverfismati Hönnunar hf. 1995). Brennisteinstvíoxíðið (SO_2) virðist því ekki ná að oxast í brennisteinssýru (H_2SO_4) og falla til jarðar.

6.6.3. Sýring vatns, hættumat og óbein áhrif sýringar

Basavirkni eða “alkalinity” er minnst snemma vors í straumvatni á Grundartanga, en alkalinity segir til um efnaskipti vatns og bergs. Ef alkalinity er hátt, hafa orðið mikil efnaskipti vatns og bergs. Vorvatnið hefur því haft minnst efnaskipti við bergið og er því hættast við sýringu sem stafar af mengun. Ráða má hættu af utanaðkomandi sýringu af meðalalkalinity einstakra straumvatna á Grundartanga eins og sýnt er í töflu 7. Vatnasviðunum í nágrenni Grundartanga er ráðað niður eftir því hve þeim er hætt við súrnun á 37. mynd. Læknum við Fellsenda er hættast við sýringu, þá Berjadalsá og Klúludalsá, og síðan koll af kolli, Þverá við Geitaberg, Laxá í Leirársveit, Kalmansá og Urriðaáin getur tekið við mestri utanaðkomandi sýringu áður en pH gildi vatnsins breytist að marki. Basavirkni (alkalinity) sigvatnsins er minnst í melnum í Mörkinni og undir ræktaða túninu í Katanesi. Sigvatnið á þessum stöðum er því viðkvæmast fyrir sýringu, af þeim stöðum sem rannsakaðir hafa verið.

Gildi pH í Kalmansá og Urriðaá er hátt þegar styrkur flúors fer hæst í þessum straumvötnum fyrst eftir að álframleiðsla hófst. Þar sem flúor er mikið til tilkomið úr súru gastegundinni $\text{HF}_{(2)}$ þá er þetta þveröfugt við það sem búast mætti við; pH ætti að fara niður vegna sýringar. Á þessum tíma er tillífun í hámarki í Eiðsvatni og Hólmavatni, en tillífunin tekur upp H^+ (jafna 3) og þvingar því pH upp.

Gildi pH í straumvatni í nágrenni Grundartanga fer ekki niður fyrir 5,70 og styrkur Al í straumvatni fer hæst í Kalmansánni í 73 µg/l sem er langt undir hættumörkum fyrir ferskvatnsfiska. Þess ber að gæta að styrkur áls í straumvötnum var einungis mældur í eitt skipti, þ.e. við upphaf rannsóknar í júní 1997. Eins og áður var rakið í kafla 6.4 eru hættumörk fyrir styrk áls í straumvötnum er um 300 µg/l. En eins og sjá má á 17. mynd þá fór styrkur Al í sigvatni langt upp fyrir hættumörk fyrir ferskvatnsfisk þegar pH sigvatnsins var lægra en 5,5. Af þessu má draga þá ályktun að full ástæða sé til að kanna styrk áls í straumvötnum fari pH gildi þeirra niður fyrir 5,50.

7. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Búið er að skilgreina efnasamsetningu straumvatns og sigvatns hvað varðar aðalefni og snefilefni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga og í Kjós áður en iðnaðarframleiðsla óx á svæðinu.

Búið er að skilgreina styrk hugsanlegra mengandi efna þ.e. brennisteins, flúors og síru í straumvatni og sigvatni 1997-1998 áður en iðnaður óx á svæðinu í júní 1998 og í eitt ár eftir að álframleiðsla hófst.

Lokið var við rannsókn á árstíðarbundnum breytingum á efnasamsetningu straum- og sigvatns í nágrenni Grundartanga frá júní 1997 til júní 1998.

Rannsóknir á styrk aðalefna, snefilefna, reikulla gastegunda og styrk lífræns kolefni í upplausn í sigvatni frá júní 1998 til júní 1999 er enn í gangi. Og er hluti þeirrar rannsóknar birtur í þessari skýrslu.

Styrkur flúors í straumvatni á svæðinu er lítill, hann er eins og hann er lægstur á Íslandi utan eldvirku beltanna. Styrkur flúors í Laxá við Vogatungu og Þverá við Geitaberg er nánast hinn sami og á árunum 1973 og 1974 áður en iðnaðarframleiðsla hófst á svæðinu.

Styrkur brennisteins í Laxá við Vogatungu og Þverá við Geitaberg var minni árið 1997 en á árunum 1973 og 1974 áður en iðnaðarframleiðsla hófst á svæðinu. Þetta er svipuð minnkun í brennisteini og mæld hefur verið í helstu ám á Suðurlandi og er þetta rakið til minni mengunar brennisteins yfir Norðuratlantshafi vegna minni losunar SO₂ frá iðnaði í N-Ameríku og Evrópu nú

en árin 1972 til 1974.

Mikill breytileiki er í styrk brennisteins í straum- og sigvatni í nágrenni iðjuveranna á Grundartanga. Hann stafar að hluta af miklum breytileika í seltu úrkomu á svæðinu. Brennisteinsauki í úrkomu er styrkur brennisteins í úrkomunni sem ekki rekur uppruna sinn beint til sjávar og stafar af hnattrænni mengun. Í úrkomu á Suðvesturlandi er hann um 20-40% af heildarstyrk brennisteins. Ef undan er skilin Kalmansá má skýra brennisteinsaukninguna í straumvötnum í nágrenni Grundartanga fyrir álframleiðslu, þ.e. styrk brennisteins umfram sjávarseltu, með hnattrænni mengun og efnaskiptum vatns og bergs. Þetta á einnig við um lækinn við Fellsenda en lækurinn dregur vatn úr útblástursstróki Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt reikningum um dreifingu mengunar frá verksmiðjunni. Brennisteinstvíoxíðið (SO_2) virðist ekki ná að oxast í brennisteinssýru (H_2SO_4) og falla til jarðar heldur berst það á haf út. Brennisteinsaukningin í Kalmansá er minni en brennisteinsaukningin í Þjórsá við Urriðafoss, en hún stafar af jarðhitavatni sem rennur í ána.

Styrkur þungmálma og snefilefna er lítill í straumvatni á svæðinu. Það sama á við um aðalefni og snefilefni, styrkur þeirra er meiri í sigvatni en straumvatni og hann er mestur í vatninu sem hefur lægst pH-gildi.

Árstíðarbundnar breytingar á pH og brennisteini fylgjast ekki að í straumvatni í nágrenni Grundartanga, þ. e. sýnin með lægstu pH gildin hafa ekki mestan brennisteinsstyrk. Sýringin af völdum brennisteinssýru stjórnar ekki lægstu pH gildunum. Lægstu pH gildin stafa frekar af þynningu árvatns með ósýrðri úrkomu sem hefur pH gildið 5,6.

Miðað við straumvötnin er pH gildi sigvatnsins sem vaktað er í nágrenni Grundartanga nokkuð stöðugt og það er lægra en pH gildi straumvatnanna. Gildi sigvatnsins er lægst í ræktaða túninu við Katanes um 4,6 en hæst í melnum í Mörkinni, við Galtarholt og Hvammsenda (pH 6,0-7,5).

Engin glögg aukning í styrk brennisteins varð vart í straumvötnum í nágrenni Grundartanga eftir að álframleiðsla hófst á Grundartanga í júní 1998, hvorki í einstökum mælingum né 12 mánaða meðaltölum fyrir og eftir álver. Hins vegar má greina aukningu í styrk brennisteins í sigvatni í landi Klafastaða rétt suðvestan við iðnaðarsvæðið á Grundartanga.

Styrkur flúors er nokkuð stöðugur í straumvatni í nágrenni Grundartanga, en er oftast lægstur snemma vors, þá líklega vegna þynningar snjóbræðsluvatns því fyrir tilkomu álversins var flúor í vatni nær eingöngu tilkomið vegna efnaskipta vatns og bergs. Fyrst eftir að álvinnsla hófst á Grundartanga óx styrkur flúors í Urriðaá og Kalmansá. Strax í lok júní í Urriðaá en ekki fyrr en í byrjun ágúst í Kalmansá. Styrkur flúors í þessum straumvötnum lækkaði síðar í svipað horf og fyrir álframleiðslu þegar leið á haustið. Ekki er hægt að merkja glögga aukningu í flúor í öðrum straumvötnum í nágrenni við Grundartanga, hvorki í einstökum mælingum fyrst eftir að vinnsla hófst eða í 12 mánaða meðaltölum. Í sigvatni var styrkur flúors mestur við Katanes en minnstur í melnum í Mörkinni. Í sigvatni varð eingin aukning í styrk flúors eftir að starfsemi álversins fór í gang.

Basavirkni eða "alkalinity" er minnst snemma vors í straumvatni í nágrenni Grundartanga, en alkalinity segir til um efnaskipti vatns og bergs. Vorvatnið hefur því haft minnst efnaskipti við bergið og er því hættast við sýringu sem stafar af mengun. Einstökum straumvötnum á Grundartanga má raða miðað við hættu af utanaðkomandi sýringu. Læknum við Fellsenda er hættast við sýringu, þá Berjadalsá og Kúludalsá, og síðan koll af kolli, Þverá við Geitaberg, Laxá í Leirársveit, Kalmansá og Urriðaáin getur tekið við mestri utanaðkomandi sýringu áður en pH gildi vatnsins breytist að marki. Basavirkni (alkalinity) sigvatnsins er minnst í melnum í Mörkinni og undir ræktaða túninu í Katanesi. Sigvatnið á þessum stöðum er því viðkvæmast fyrir sýringu af þeim stöðum sem rannsakaðir hafa verið.

Gildi pH í Kalmansá og Urriðaá er hátt þegar styrkur flúors fer hæst í þessum straumvötnum fyrst eftir að álframleiðsla hófst. Þar sem flúor er mikið til tilkomið úr súru gastegundinni $\text{HF}_{(2)}$ þá er þetta þveröfugt við það sem búast mætti við, pH ætti að fara niður vegna sýringar. Á þessum tíma er tillífun í hámarki í Eiðsvatni og Hólmavatni, en tillífunin tekur upp H^+ og þvingar því pH gildið upp.

Gildi pH í straumvatni í nágrenni Grundartanga fer ekki niður fyrir 5,70 og styrkur Al í straumvatni fer hæst í Kalmansánni í 73 $\mu\text{g/l}$ sem er langt undir hættumörkum fyrir ferskvatnsfiska. Styrkur Al í sigvatni for hins vegar langt upp fyrir hættumörk fyrir ferskvatnsfisk (300 $\mu\text{g/l}$ Al) þegar pH sigvatnsins var lægra en 5,5. Af þessu má draga þá ályktun að full ástæða sé til að kanna styrk áls í straumvötnum fari pH gildi þeirra niður fyrir 5,50.

8. HEIMILDIR

- Archer E. E. 1955. The determination of small amounts of sulphate by reduction to hydrogen sulphide, and titration with mercury or cadmium salts with dithizone as an indicator. *Analyst* 81, 181 -182.
- AMAP 1997. Arctic Pollution Issues: A State of the Arctic Environment Report. Arctic Monitoring and Assessment Programme, Oslo, Norway, 188 bls.
- Andri Stefánsson 1998. Dissolution of primary minerals of basalts in natural waters I. Mineral solubility from 0 to 350 °C. *Chemical Geology*. Sent til birtingar.
- Andri Stefánsson og Sigurður Reynir Gíslason 1998. Chemical weathering of a basaltic catchment, SW-Iceland. *Chemical Geology*. Sent til birtingar.
- Andri Stefánsson, Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson 1998. Dissolution of primary minerals of basalts in natural waters II. Mineral saturation state. *Chemical Geology*. Sent til birtingar.
- Ario, J. 1985. Chemistry of cold groundwater in the Langjökull volcanic zone. Research report 8701. Nordic Volcanological Institute, Reykjavík, 26 bls.
- Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon 1993. Umhverfissvöktun: Þungmálmar í mosum á Íslandi og meginlandi Norður-Evrópu árið 1990. Ráðunautafundur 1993, Bændahöllinni 9. - 12. febrúar 1993, Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, Reykjavík, bls. 60-71.
- Bragi Árnason 1976. Groundwater systems in Iceland traced by deuterium. *Vísindafélag Íslendinga*, Rit 42, 236 bls.
- Davies, T. D. 1989. Episodic acidification of freshwaters in Europe. *Eos Transactions American Geophysical Union* 70, bls. 1122.
- Davíð Egilsson, Elísabet D. Ólafsdóttir, Eva Yngvadóttir, Helga Halldórsdóttir, Flosi Hrafn Sigurðsson, Gunnar Steinn Jónsson, Helgi Jensson, Karl Gunnarsson, Sigurður A. Þráinsson, Andri Stefánsson, Hallgrímur Daði Indriðason, Hreinn Hjartarson, Jóhanna Thorlacius, Kristín Ólafsdóttir, Sigurður R. Gíslason og Jörundur Svavarsson, 1999. Mælingar á mengandi efnum á og við Ísland. Niðurstöður vöktunarmælinga. Starfshópur um mengunarmælingar, mars 1999, Reykjavík. 138 bls.
- Driscoll, C. T., Baker, J. P., Bisogni, J.J., og Schofield, C.L. 1980. Effect of aluminium speciation of fish in dilute acidified waters. *Nature* 284, bls. 161-164.

- Einar Gunnlaugsson 1977. The origin and distribution in fresh and geothermally altered rocks in Iceland. Óbirt Ph.D.-ritgerð frá University of Leeds, 192 bls.
- Elísabet Pálmadóttir 1997. Efnagreining á vatni. Minnispunktar 9. apríl 1997 frá Elísabetu Pálmadóttur til Þorvaldar Vestmann, Akranesveitu. Hönnun hf. verkfræðistofa, Reykjavík, 8 bls.
- Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1988. Groundwater resources of Iceland - availability and demand. Jökull 38, bls. 35-53.
- Graedel, T. E., og Franey J. P. 1975. Field measurements of submicron aerosol washout by snow. Geophysical Research Letters 2, bls. 325-328.
- Guðmundur Kjartansson 1957. The eruption of Hekla 1947-1948. III, 1. Some secondary effects of the Hekla eruption. Soc. Scientiarum Islandica, bls. 1-42, Reykjavík.
- Halldór Ármannsson 1970. Efnarannsókn á vatni Elliðaánna og aðrennslis þeirra. Rannsóknarstofnun iðnaðarins, fjölrit nr. 26, 67. bls.
- Halldór Ármannsson 1971. Efnarannsókn á vatni Elliðaánna og aðrennslis þeirra. II. tímabilið maí 1970 - janúar 1991. Rannsóknarstofnun iðnaðarins, fjölrit nr. 35, 56 bls.
- Halldór Ármannsson, Helgi R. Magnússon, Pétur Sigurðsson og Sigurjón Rist 1973. Efnarannsókn vatna. Vatnasvið Hvítár - Ölfusár; einnig Þjórsár við Urriðafoss: Orkustofnun, OS - RI, Reykjavík, 28 bls.
- Hönnun hf. 1995. Álver á Grundartanga. Mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers, lagningar háspennulínu og stækkunar Grundartangahafnar. Frumathugun, Hönnun hf. Reykjavík, 83 bls.
- Ingibjörg E. Björnsdóttir 1996. Metals and metal speciation in waste water from the Nesjavellir Geothermal Power plant, SW-Iceland and possible effects on Lake Thingvallavatn. Meistaraprófsritgerð við Chalmers University of Technology, Gautaborg, Svíþjóð, 62 bls.
- Ingvi Gunnarsson og Stefán Arnórsson 1998. Amorphous silica solubility and the thermodynamic properties of aqueous silica in the range 0-350 °C. Geochimica Cosmochimica Acta. Sent til birtingar.
- Jóhanna M. Thorlacius 1997. Heavy metals and persistent organic pollutants in air and precipitation in Iceland. Veðurstofa Íslands, Report, VÍ-G97034-TA02, Reykjavík, 20 bls. auk viðauka.
- Johannessen, M. og Henriksen A. 1978. Chemistry of snow meltwater: changes in concentration during melting. Water Resource research 14, bls. 615-619.

- Jón Eldon 1983. Þungmálmar í mosa, jarðvegi og regnvatni í nágrenni Grundartanga 1978 og 1979. Líffræðistofnun Háskólans, Fjölrit nr. 19. Reykjavík 1983.
- Jón Ólafsson 1979, The chemistry of Lake Mývatn and the River Laxá: Oikos 32, bls. 82-112.
- Jón Ólafsson 1992. Chemical characteristics and trace elements of Thingvallavatn. Oikos 64, bls. 151-161.
- Louvat, Pascale 1997. Étude Géochimique de L'Erosion Fluviale D'Iles Volcaniques Á L'Aide des Bilans D'Éments Majeurs et Traces. Óútgefin doktorsritgerð við Institute de Physique du Globe de Paris, Frakklandi, 322 bls.
- Martin, J.M. og Meybeck, M. 1979. Elemental mass-balance of material carried by world major rivers: Marine Chemistry, v. 7 bls. 173-206.
- Martin, J.M. og Whitfield, M. 1983. The significance of the river input of chemical elements to the ocean. Í: Trace Metals in Seawater (ritstj. Wong, S.S.ritstj), Proceedings of the NATO Advanced Research Institute og Trace Metals in Seawater, March 1981: Erice, Plenum Press, bls. 265-296.
- Meybeck, M. 1979. Concentrations des eaux fluviales en éléments majeurs et apports en solution aux océans: Rev. Geologie Dynamique et Geographie Physique 21, bls. 215-246.
- Meybeck, M. 1982. Carbon, nitrogen, and phosphorus transport by world rivers: American Journal of Science 282, bls. 401-450.
- Níels Óskarsson 1980. The interaction between volcanic gases and tephra; fluorine adhering to tephra of the 1970 Hekla eruption. Journal og Volcanology and Geothermal Research, 8, bls. 251-266.
- Plummer, N.L., og Busenberg, E. 1982. The solubility of calcite, aragonite and vaterite in CO₂-H₂O solutions between 0 and 90°C, and an evaluation of the aqueous model for the system CaCO₃-CO₂-H₂O: Geochimica et Cosmochimica Acta 46, bls. 1011-1040.
- Riley, J.P. og Chester, R. 1971. Introduction to marine chemistry. New York, Academic Press, 465 bls.
- Rimstidt, J.D. 1997. Quartz solubility at low temperatures. Geochimica Cosmochimica Acta 61, bls. 2553-2558.
- Rühling, Å., Rasmussen, L., Pilegaard, K., Mäkinen, A., Steinnes, E. 1987. Survey of atmospheric heavy metal deposition in the nordic countries in 1985. Nordisk Ministerråd, 44 bls.

- Rühling, Å., Brumelis, G., Goltsova, N., Kvietkus, K., Kubin, E., Liiv, S., Magnússon, S., Makinen, A., Pilegaard, K., Rasmussen, L., Sander, E., and Steinnes, E. 1992. Atmospheric heavy metal deposition in northern Europe 1990. Nord 1992: 12.
- Rühling, Å., Steinnes, E., Berg, T. 1996. Atmospheric heavy metal deposition in northern Europe 1995. Nord 1996: 37.
- Sigurður H. Magnússon og Ólafur Arnalds 1997. Umhverfisvöktun í Litla Skarði, árið 1996. Fjölrit RALA nr. 190.
- Sigurður R. Gíslason 1989. Kinetics of water-air interactions in rivers: A field study in Iceland. Water-Rock Interactions, Miles D.L. (ritstj.), Balkema, Rotterdam, bls. 263-266.
- Sigurður Reynir Gíslason 1990. Chemistry of precipitation on the Vatnajökull glacier and the chemical fractionation caused by the partial melting of snow. Jökull 40. bls. 97-117.
- Sigurður Reynir Gíslason 1993. Efnafræði úrkomu, jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 63 (3-4), bls. 219-236.
- Sigurður Reynir Gíslason 1995. The Háumelar Springs and the Seleyri well water near Borgarnes, West Iceland: Geological and hydrological properties of the catchment areas and the physical and chemical properties of the water. Report written at the request of The Dairy Co-operative, in Borgarnes, West Iceland, 26 bls.
- Sigurður Reynir Gíslason 1997. ARCTIS, Regional Investigation of Arctic Snow Chemistry: Results from the Icelandic expeditions, 1996-1997. Raunvísindastofnun RH-29-97. 24 bls.
